

LANDSRÉTTUR

Dómur fimmtudaginn 6. mars 2025.

Mál nr. 123/2024:

Ákærvaldið

(Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir saksóknari)

gegn

Ívari Gísli Vignissyni

(Guðrún Björg Birgisdóttir lögmaður)

(Guðmundur Ágústsson réttargæslumaður)

Lykilorð

Kynferðisbrot. Nauðgun. Sönnun. Sönnunarfræsla. Dráttur á máli. Skilorð. Einkaréttarkrafa. Ómerking héraðsdóms að hluta.

Útdráttur

Í var gefin að sök nauðgun samkvæmt 1. og 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Gegn eindreginni neitun Í taldi héraðsdómur ekki sannað að hann hefði gerst sekur um þá háttsemi sem í ákæru greindi og var hann því sýknaður. Landsréttur taldi framburð A mun trúverðugri en framburð Í, að hann væri stöðugur og skýr um þau atriði sem máli skiptu og fengi nægilegan stuðning í öðrum gögnum til að hann yrði lagður til grundvallar sakfellingu. Taldi rétturinn því hafið yfir skynsamlegan vafa að Í hefði gerst sekur um þá háttsemi sem greindi í ákæru, að því frátöldu að hann var sýknaður af því að hafa stungið fingri inn í leggöng A. Við ákvörðun refsingar var horft til 1., 2., 4., 6. og 7. töluliðar 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga, auk a-liðar 195. gr. laganna, sem og þess verulega dráttar sem orðið hafði á meðferð málsins. Refsing Í var ákveðin fangelsi í tvö ár en hluti hennar bundinn almennu skilorði.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómaramarnir Eiríkur Jónsson, Ragnheiður Harðardóttir og Þorgeir Ingi Njálsson.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Ríkissaksóknari skaut málinu til Landsréttar 5. febrúar 2024. Málsgögn bárust réttinum 2. október sama ár. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 9. janúar 2024 í málinu nr. S-3268/2023.
- Ákærvaldið krefst þess að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru og dæmdur til refsingar.

- 3 Ákærði krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Til vara krefst hann vægustu refsingar sem lög leyfa og að hún verði bundin skilorði að öllu leyti eða að hluta. Jafnframt að „einkaréttarlegri kröfu verði vísað frá dómi en að því frágengnu að fjárhæð hennar verði lækkuð verulega“.
- 4 Brotapoli, A, krefst þess að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur hvað varðar frávísun einkaréttarkröfu hennar og málinu vísað að því leyti til efnislegrar meðferðar í héraði.

Málsatvik og sönnunarfærsla

- 5 Í málinu er ákærða gefin að sök nauðgun með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 14. júlí 2019, á heimili sínu, haft samræði og önnur kynferðismök við brotþola án hennar samþykkis. Ákærði hafi notfært sér að hún gat ekki spornað við verknadnum sökum áhrifa áfengis og svefndrunga og beitt hana ólögmætri nauðung með því að nýta sér yfirburði sína og traust hennar til hans sem [nánar tiltekin fjölskyldutengsl], en ákærði hafi stungið fingri inn í leggöng brotþola þar sem hún lá sofandi í rúmi í hjónaherbergi, haldið því áfram eftir að brotþoli vaknaði, fært sig ofan á hana, látið hana fróa ákærða og haft samræði við hana gegn hennar vilja. Er háttsemin talin varða við 1. og 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með hinum áfrýjaða dómi var ákærði sýknaður af ákærinni.
- 6 Við aðalmeðferð málsins fyrir Landsrétti gáfu ákærði og brotþoli skýrslu, sem og vitnin C, systir brotþola, og B, móðir brotþola. Í öllum tilvikum voru áður spilaðar hljóð- og myndupptökur af skýrslum þeirra í héraði. Þá horfðu dómendur á hljóð- og myndupptöku af skýrslu ákærða hjá lögreglu og hlustuðu á símaskýrslu vitnisins F hjá lögreglu. Hér verður vikið að nýjum gögnum sem ákæruvaldið hefur lagt fyrir Landsrétt og gerð grein fyrir því helsta sem fram kom í fyrrnefndum skýrslum fyrir réttinum. Um málsatvik, skýrslur fyrir héraðsdómi og þau gögn sem þar lágu fyrir vísast á hinn bóginn til lýsingar í hinum áfrýjaða dómi, auk þess sem síðar greinir.
- 7 Ákæruvaldið hefur lagt fyrir Landsrétt lögregluskýrslu um viðbótarrannsókn, sem fól í sér að aflað var tölvupósts B til barnaverndar [...] 30. júlí 2019 og rannsókn á ljósmyndum í síma C sem hún kveður vera af þeim samskiptum sem ákærði og brotþoli áttu á samfélagsmiðlinum Snapchat. Nánar tiltekið er um að ræða ljósmyndir af síma, sem C segir brotþola eiga, en á símanum sjást Snapchat-samskipti á milli notanda símans (auðkenndur „ME“) og þess sem þar er auðkenndur „ÍVAR“, en efst til vinstri hefur viðmælandinn nafnið „Ívar Gísli“ og þar við hliðina er „einkennistjákn“ (e. bitmoji) af karlmanni. Í hinum áfrýjaða dómi er þessum samskiptum lýst, að því marki sem þau fylgdu fyrrnefndum tölvupósti til barnaverndar. Ljósmyndirnar sem lögreglan aflaði úr síma C sýna á hinn bóginn frekari samskipti en birtast á ljósmyndunum sem bárust barnavernd og þykir því þörf á að rekja samskiptin í heild eins og þau birtast á ljósmyndunum úr síma C. Í fyrirliggjandi bakupplýsingum ljósmyndanna kemur fram að þær voru teknar 17. júlí 2019 frá klukkan 21.43 til 22.10, en tímasetning hverrar og einnar ljósmyndar fer saman við þá tímasetningu sem síminn sem ljósmyndirnar eru af sýnir. Þá innihalda

fyrirnefnd gögn kort sem staðsetur hvar hver og ein mynd var tekin, sem samkvæmt kortunum var í [...], að því er virðist í [...]. Samskiptin eins og ljósmyndirnar sýna þau eru eftirfarandi:

ME

Ívar það sem gerðist um helgina er ekki í lagi

ÍVAR

Nei veit það

ME

Ívar ég var í engu ástandi þú veist ég vildi þetta alls ekki

ÍVAR

Æjj Sorry !!!! Mer liður mjöög illa yfir þessu

Var ekki í ástandi heldur þá það sé enginn afsökun

ME

Nei það er engin afsökun, ég treysti þer og þú fokkaðir upp

ÍVAR

Mer liður ógeðslega illa yfir þessu [tjákn: grátandi andlit] er ekki svona gaur og þú veist það, geri allt til að bæta þetta !!!

Angrins hef ekkert sofið og gæfi allt til að taka þetta til baka

ME

Nei eg veit hef sjálf sofið illa þetta ekki góð staða sem þú hefur sett mig í

ÍVAR

Bið þig afsökunar frá hjartanu A, hvað get ég gert ?

ME

Takk fyrir það ég veit þer liður ekki vel með þetta ég veit það en ég þarf virkilega að hugsa málið

ÍVAR

Ok gerðu það [tjákn: hjarta]

- 8 Fyrirnefndri lögregluskýrslu fylgdi einnig skjáskot úr síma C, tekið 21. október 2024, af hópi á Snapchat sem ber heitið „[...]“ en honum munu tilheyra einstaklingar úr fjölskyldu ákærða og brotþola. Þar er meðal annars einstaklingur með nafnið „[nafn og notandanafn ákærða]“ og sama notandanafn, sem hefur verið „blokkaður“ af C. Við hlið nafnsins og notandanafnsins er „einkennistjákn“ af karlmanni.
- 9 Í skýrslu sinni fyrir Landsrétti neitaði ákærði því að hafa viðhaft þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru. Er hann var beðinn um að skýra af hverju hann hefði lýst því fyrir héraðsdómi að hann hefði neytt kannabis umrætt kvöld, en neitað neyslu fíkniefna í skýrslutöku hjá lögreglu, kvað hann sig ábyggilega hafa verið hræddan við að viðurkenna neyslu hjá lögreglu. Hann hafi verið ungur og einhvern veginn hafi ekki passað að viðurkenna fyrir framan lögreglu að hann hafi verið að reykja gras. Er hann var spurður hvort hann kannaðist við að brotþoli hefði búið á heimili hans þegar hún var yngri kvaðst hann ekkert muna eftir því, hann myndi ekki allt úr æsku sinni og ræki ekki sérstaklega minni til þessa. Bornar voru undir hann fyrirnefndar myndir af samskiptum á Snapchat og kvaðst hann aldrei hafa sent þau skilaboð sem þar birtast. Þetta væri ekki aðgangur hans á Snapchat og hefði aldrei verið. Spurður út í

„einkennistjárn“ af karlmanni sem fylgdi skilaboðunum kvað ákærði karlinn vera mjög líkan sínu „einkennistjárn“, en hann héldi að þeir væru ekki í sömu peysu. Kvaðst hann ekkert vita hvaðan þessi gögn kæmu, hann hefði allavega ekki sent skilaboðin. Þegar borið var undir hann áður nefnt skjáskot af hópnum „[...]“ á Snapchat kannaðist hann við nafn sitt og „einkennistjárn“ af karlmanni sem þar birtist. Kvað hann þetta vera sinn „karl“, sem hann hafi útbúið, og kvaðst halda að hann hafi gert karlinn í byrjun og aldrei breytt honum. Er hann var spurður út í það sem fram kemur í lögregluskýrslu, um að þegar lögreglan hafi skoðað Snapchat-aðgang hans hafi ekki verið neitt sérstakt „einkennistjárn“ þar heldur hin hefðbundna Snapchat-mynd, hvítur draugur á gulum bakgrunni, sagðist hann ekki kannast við að það væri eitthvað breytt. Er hann var spurður út í áhrif málsins á sig kvað hann málið vera búíð að taka fimm og hálf ár af ævi hans og að það hefði haft rosaleg áhrif. Hann hefði [...].

- 10 Fyrir Landsrétti staðfesti brotþoli að með orðalaginu „putta“ hjá lögreglu og fyrir héraðsdómi hefði hún verið að lýsa því að kynfæri hennar hefðu verið snert. Þá kvað hún ekki hafa rifjast upp hvort ákærði hefði sett fingur inn í leggöng hennar. Er hún var beðin um að útskýra af hverju hún hefði ekki lýst því hjá lögreglu að ákærði hefði gripið fyrir munn hennar sagðist hún alltaf hafa munað þetta með þeim hætti og vissi ekki af hverju hún hefði ekki lýst því hjá lögreglu. Hún kvaðst hafa verið stressuð og svaraði játandi spurningu um hvort skilja mætti þetta svo að það hefði bara gleymst að taka þetta fram. Spurð út í atvik þegar málið fór af stað kvaðst hún ekki hafa verið mjög sátt er móðir hennar sagði barnavernd ætla að kæra. Hún hafi verið mjög hrædd við allt ferlið og hvaða áhrif þetta myndi hafa á fjölskylduna. Sem betur fer hafi kæra þó verið lögð fram því síðar hafi reiðin vaknað hjá henni. Um fyrirbyggjandi lýsingu á atvikum í tölvupósti til barnaverndar sagði hún móður sína hafa hvatt sig til að skrifa atvikin niður. Kvaðst hún hafa lýst atvikunum munnlega en systir hennar skrifað þau niður eftir henni. Spurð út í fyrirbyggjandi ljósmyndir af Snapchat-samskiptum kvaðst hún hafa verið heima hjá sér er samskiptin áttu sér stað. Hana hafi langað til að fá staðfestingu frá ákærða. Hún hafi fengið slíka staðfestingu með þessum samskiptum og það hafi verið ákveðinn léttir fyrir hana. Systir hennar hefði sagt að ákærði væri að viðurkenna og að þær ættu að taka myndir, þá hefði hún staðfestingu ef þetta færi eitthvað lengra. Brotþoli, systir hennar og móðir hefðu verið í sama rýminu þegar þetta var. Áður nefnd gögn úr viðbótarrannsókn lögreglu voru lögð fyrir brotþola og kannaðist hún við skilaboðin sem þar birtast og kvað fingur sem þar sjást halda um síma vera sína. Spurð út í stöðu sína í dag kvað hún hana bara fína, hún væri hjá sálfræðingi og að byrja í starfsendurhæfingu. Kvaðst hún eiga mjög erfitt með að halda sér í rútínu, eftir ákveðinn tíma væri alltaf eins og hún „krassaði“ aftur. Spurningu um hvort hún hefði lent í einhverjum öðrum alvarlegum áföllum svaraði hún játandi. Spurð út í skýringar á framburði fyrir héraðsdómi um að hún hefði hitt sálfræðing í vikunni á eftir, þegar fram kæmi í vottorði og framburði sálfræðingsins fyrir dómi að þær hefðu hist 27. ágúst, kvaðst brotþoli þá hafa munað það vitlaust.

- 11 C, systir brotþola, var fyrir Landsrétti spurð nánar út í samskiptin á Snapchat sem fyrirbyggjandi ljósmyndir sem hún tók eru af. Hún sagði þær hafa verið heima hjá móður þeirra og vitnið og móðirin hafi hvatt brotþola til að senda skilaboð á ákærða. Vitnið hafi verið hjá brotþola er hún sendi skilaboðin, í því skyni að veita henni stuðning. Kvað hún það vera „algjörlega 100%“ að samskiptin hefðu verið við ákærða. Vitnið hefði sjálf verið vinur ákærða á Snapchat og enginn vafi leikið á því að þetta væri hann. Vitnið hefði tekið mynd af síma brotþola þar sem þær hafi vitað að ef brotþoli vistaði skilaboðin eða tæki skjáskot myndi ákærði kannski bregðast við. Þeim hafi þótt betra að hann yrði ekki var við að brotþoli ætti staðfestingu. Vitnið hafi viljað að brotþoli hefði staðfestingu svo fólk myndi trú á henni. Kvaðst vitnið muna eftir miklum kvíða í aðstæðunum en mundi ekki eftir því hvort móðir þeirra hefði verið þarna líka. Áðurnefnd gögn úr viðbótarrannsókn lögreglu voru lögð fyrir vitnið og staðfesti hún að þetta væru myndirnar úr hennar síma.
- 12 B, móðir brotþola, var fyrir Landsrétti spurð nánar út í fyrrnefnd gögn um Snapchat-samskipti. Kvaðst hún hafa verið heima hjá sér að dunda í eldhúsinu og brotþoli sagt að hún vildi senda skilaboð á ákærða. Brotþoli hafi eiginlega viljað það bara fyrir sjálfa sig, að ákærði viðurkenndi þetta fyrir henni og bæðist afsökunar. C hafi verið hjá brotþola. C hefði síðan sagt eitthvað við brotþola um að hún ætlaði að taka mynd af þessu, og vitnið þá komið til þeirra en viljað að brotþoli gerði þetta á sínum forsendum og skrifaði það sem kæmi frá hennar hjarta. Vitnið hafi ekkert verið að skipta sér af því hvað brotþoli skrifaði en síðan bara séð myndirnar af samskiptunum eftir á. Kvað vitnið skýrt í sínum huga að það væri ákærði sem brotþoli átti í samskiptum við. Brotþoli þekkti engan annan Ívar Gísla og þetta hafi verið sá Ívar Gíslí sem var í síma brotþola, C og vitnisins, sem og í fjölskylduhópnum á Snapchat. Fyrrnefnd gögn úr viðbótarrannsókn lögreglu voru lögð fyrir vitnið sem staðfesti að þetta væru gögnin sem hún kannaðist við. Þá kvað hún upplýsingarnar um tímasetningu og staðsetningu ljósmyndanna passa.

Niðurstaða

- 13 Í málinu neitar ákærði þeim sakargiftum sem á hann eru bornar. Samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála hvílir á ákærvaldinu að færa sönnur á sekt ákærða. Dómari metur hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, sé komin fram um hvert það atriði er varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða hafi, vitnisburður, mats- og skoðunargerðir, skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn, sbr. 1. mgr. 109. gr. sömu laga. Með 2. mgr. greinarinnar er jafnframt lagt í hendur dómara að meta, ef þörf krefur, hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal en ályktanir má leiða af um það.
- 14 Í 115. og 126. gr. laga nr. 88/2008 er að finna tiltekin viðmið sem dómari skal meðal annars huga að við mat á sönnunargildi framburðar ákærða og brotþola. Þannig skal dómari, við mat á sönnunargildi og trúverðugleika framburðar ákærða við úrlausn

máls, meðal annars huga að ástandi og hegðun hans við skýrslugjöf og stöðugleika í frásögn, sbr. 115. gr. laganna. Í greinargerð með því frumvarpi sem varð að lögunum segir meðal annars um ákvæðið að það geti gert framburð ákærða ótrúverðugan ef hann reynist óstöðugur í framburðinum, til dæmis ef hann ber allt annað fyrir dómi en hann hefur áður gert hjá lögreglu, án þess að viðhlítandi skýring komi fram á því. Samkvæmt 126. gr. sömu laga skal dómari, við mat á sönnunargildi vitnisburðar við úrlausn máls, meðal annars huga að afstöðu vitnis til ákærða og eftir atvikum brotþola, hagsmunum þess af málsúrslitum, þroska þess, áreiðanleika skynjunar þess á atvikum, minni, ástandi og hegðun þess við skýrslugjöf, öryggi þess og skýrleika í svörum og samræmi í frásögn. Af framangreindu leiðir að dómari verður meðal annars að meta innra samræmi framburðar ákærða og brotþola með tilliti til þess hvort mótsagna gæti í frásögn og skýringum hvors um sig og hins vegar ytra samræmi, það er hvernig framburður hvors um sig samræmist framburði vitna og öðrum þeim sönnunargögnum og upplýsingum sem komið hafa fram við málsmeðferðina. Á framangreindum grunni verður metið hversu trúverðugur framburður ákærða og brotþola er um einstök atriði sem áhrif geta haft við sakarmatið og hvaða áhrif niðurstaða þess mats hefur með tilliti til annarra beinna og óbeinna sönnunargagna sem liggja fyrir í málinu.

- 15 Í hinum áfrýjaða dómi var komist að þeirri niðurstöðu að ósannað væri að skilaboðin á samfélagsmiðlinum Shapchat, sem að framan er lýst, stöfuðu frá ákærða. Fallast verður á að vissir annmarkar hafi verið á rannsókn lögreglu á sínum ákærða og brotþola og að markvissari aðgerðir kynnu að hafa varpað skýrara ljósi á uppruna samskiptanna, jafnvel þótt eðli miðilsins geri slíkar rannsóknir að einhverju leyti erfiðari en ella, þar sem skilaboð eyðast almennt nema þau séu sérstaklega vistuð. Ber ákærvaldið allan halla af þeirri óvissu sem af þessu leiðir. Eftir stendur hvort þau gögn og skýrslur sem þó liggja fyrir nægi til að sannað teljist að skilaboðin sem um ræðir stafi frá ákærða.
- 16 Við úrlausn um framangreint er í fyrsta lagi til þess að líta að þótt notandanafn sjáist ekki á samskiptunum eins og þau liggja fyrir, þá eru þau skýrlega auðkennd með „Ívar“, „Ívar Gísli“ og „einkennistjákni“ sem svipar mjög til „einkennistjákna“ sem ákærði notaði á miðlinum 17. febrúar 2022 og 21. október 2024, sbr. fyrirbyggjandi myndir frá þeim dögum af notanda með notandanafnið „[notandanafn ákærða á Snapchat]“, sem ákærði kveður vera sitt. Ekkert liggur fyrir um nokkurn annan með þessu nafni sem tengist brotþola eða málinu og því er tæplega önnur skýring tæk, ef skilaboðin stöfuðu ekki frá ákærða, en að þau hafi verið fölsuð, það er útbúin af öðrum en ákærða í því skyni að láta þau líta út eins og þau stöfuðu frá honum. Í öðru lagi liggur fyrir að ljósmyndirnar af samskiptunum voru teknar 17. júlí 2019, á sama tíma og síminn sem myndirnar eru af sýnir, og að ljósmyndirnar voru teknar í [...], að því er virðist í [...], en brotþoli mun á þeim tíma hafa búið í [...] hjá móður sinni. Í þriðja lagi er til þess að líta að brotþoli, systir hennar og móðir hafa skýrlega borið um það fyrir dómi að fyrrnefnd samskipti hafi verið á milli ákærða og brotþola. Lýstu þær

Því allar með svipuðum hætti að þær þrjár hefðu verið heima er samskiptin áttu sér stað, sem þær hafi séð og ekki leikið vafi á því að þau væru við ákærða. Þrátt fyrir að tengsl vitnanna hafi áhrif við mat á trúverðugleika framburðar þeirra, sbr. 126. gr. laga nr. 88/2008, geta tengslin ein og sér ekki leitt til þess að litið verði fram hjá framburði þeirra, heldur ræðst niðurstaða um sönnunargildi framburðarins einnig af öðrum þáttum sem greinir í ákvæðinu. Framburður vitnanna um þetta atriði hefur verið með sama hætti frá upphafi. Framburður þeirra fyrir dómi var að mati réttarins skýr, öruggur og ótvíræður, auk þess sem ekki gætti misræmis í honum sem máli skiptir. Þá verður með engu móti séð að vitnin geti hafa haft hagsmuni af því að halda ranglega fram að skilaboðin stöfuðu frá ákærða, sem er [nánar tiltekin fjölskyldutengsl], en ljóst er af gögnum málsins að sakarefnið var til þess fallið að hafa mikil og slæm áhrif innan fjölskyldunnar, sem vitnin virðast að nokkru marki hafa reitt sig á fram að þessu og engin illindi verið á milli ákærða og þeirra. Þannig bar ákærði til að mynda hjá lögreglu að það hefði aldrei komið upp neitt slæmt, ósætti eða vesen milli hans og brotþola og fyrir dómi bar hann að það hefði aldrei verið neitt slæmt á milli þeirra, þó hann segði samskipti þeirra ekki hafa verið mikil. Bar framburður vitnanna fyrir dómi með sér að málið hefði tekið mikið á þær.

- 17 Ákærði hefur staðfastlega neitað því að hafa átt í framangreindum samskiptum, jafnt hjá lögreglu sem og fyrir dómi, og er framburður hans að því leyti skýr og í innbyrðis samræmi. Framburður hans fyrir Landsrétti um að hann teldi sig hafa útbúið „einkennistjákn“ á Snapchat í upphafi og aldrei breytt því er þó að nokkru marki í andstöðu við gögn málsins. Þannig liggja fyrir þrenns konar „einkennistjákn“ með notandanafninu sem ákærði kannast við, það er „[notandanafn ákærða á Snapchat]“, en þar er um að ræða skjáskot úr síma móður brotþola 10. febrúar 2020 og 17. febrúar 2022 og úr síma systur brotþola 21. október 2024. Þessar myndir eru ekki eins, auk þess sem fyrir liggur lögregluskýrsla um athugun á Snapchat-aðgangi ákærða 26. ágúst 2022 en þá fylgdi ekkert „einkennistjákn“ aðganginum heldur eingöngu hin hefðbundna Snapchat-mynd, hvítur draugur á gulum bakgrunni. Auk þess er ákveðinn blæbrigðamunur á þeim skýringum sem ákærði gaf á því hjá lögreglu og fyrir dómi af hverju það hentaði honum illa að afhenda síma sinn til rannsóknar. Er lögregla spurði hvort hann væri tilbúinn að afhenda símann svaraði hann: „Nei, já, þarf það [...] að gerast í dag eða? Þú veist, það er ekkert, ég bara ég er í atvinnuleit og ég þarf símann, sko.“ Síðar var af hans hálfu vísað til þess að hann borgaði með símanum og síðan að þar væri „strætóappið, það er allt sem ég geri bara dagsdaglega í þessu“. Er hann var spurður fyrir héraðsdómi hvort hann hefði reynt að koma í veg fyrir afhendingu símans kvað hann það alls ekki hafa verið með þeim hætti, hann teldi „að aðalatriðið hafi verið að ég var ekki með bílpróf á þeim tíma og það var strætókort í símanum og ég komst ekki neitt án þess.“
- 18 Samkvæmt framangreindu liggur fyrir skýr og ótvíræður framburður þriggja vitna um að skilaboðin sem um ræðir stafi frá ákærða, sem fær að nokkru leyti stuðning í gögnum sem fyrir liggja, svo langt sem þau ná. Að virtu því sem að framan er rakið

og mati samkvæmt 115. gr. og 126. gr. laga nr. 88/2008 metur rétturinn framburð vitnanna um samskiptin trúverðugan og mun trúverðugri en framburð ákærða. Verður framburður vitnanna því lagður til grundvallar og talið að fram sé komin nægileg sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, um að skilaboðin sem fyrir liggja stafi frá ákærða.

- 19 Í hinum áfrýjaða dómi var talið að ein áberandi undantekning væri frá því að framburður brotþola hefði verið skýr og stöðugur, sem fælist í því að fyrir dómi hefði hún greint frá því að ákærði hefði gripið fyrir munn hennar, en ekkert hefði komið fram hjá henni um það hjá lögreglu. Nánar tiltekið bar brotþoli fyrir héraðsdómi að þegar hún hefði spurt ákærða hvað hann væri að gera hefði hann tekið „bara utan um munninn á mér og [sagt]: Uss, og f[arið] svo ofan á mig“. Frekar spurð um þetta síðar í skýrslutökunni sagði brotþoli: „[H]ann bara setti hendina á sér utan um munninn á mér og sagði bara: Uss, og hélt í smástund og svo sleppti hann. [...] Það var þá sem hann færði sig ofan á mig.“ Hjá lögreglu bar hún að þegar hún spurði ákærða hvað hann væri að gera „sagði hann bara uss og færði sig ofan á mig“ og í skriflegri samantekt brotþola, sem er elsta fyrirliggjandi lýsing hennar á atvikum, segir: „Ég spyr hann hvað hann [sé] gera en hann þaggar niður í mér og færir sig ofan á mig.“ Fyrir Landsrétti bar brotþoli að hún hefði alltaf munað atvik þannig að ákærði hefði tekið um munn hennar. Hún vissi ekki af hverju hún hefði ekki lýst því hjá lögreglu og svaraði játandi spurningu um hvort skilja mætti þetta svo að það hafi bara gleymst að taka þetta fram. Að mati réttarins bera framangreind gögn í mesta lagi með sér stigsmun á lýsingu brotþola á nánar tilteknum þætti í nokkuð lengri atburðarás. Þannig verður til að mynda enginn eðlismunur talinn á því annars vegar að lýsa atvikum svo að tekið hafi verið utan um munn hennar og sagt uss, og hins vegar að þaggað hafi verið niður í henni. Þá tekur lýsingin á þeirri háttsemi sem ákærða er gefin að sök í ákæru ekki til þessa atriðis. Að virtu framangreindu og skýringum brotþola fyrir Landsrétti telur rétturinn að það sem héraðsdómur taldi áberandi undantekningu frá stöðugum framburði brotþola sé ekki til þess fallið að draga úr trúverðugleika framburðar hennar.
- 20 Framburður brotþola um öll meginatriði málsins hefur verið stöðugur frá því að málið kom upp. Framburður hennar fyrir dómi var öruggur og skýr og gott samræmi í frásögninni. Hún var varfærin í lýsingum sínum og bar framburður hennar með sér að hún vildi ekki fullyrða meira en hún myndi. Virtist hún ekki bæta í varðandi atriði sem gætu verið ákærða í óhag eða um afleiðingar háttseminnar sem ákært er fyrir. Þannig kvaðst hún til að mynda ekki muna hvort ákærði hefði stungið fingri í leggöng hennar, svo sem ákært er fyrir, auk þess sem hún svaraði því til bæði í héraði og fyrir Landsrétti, er hún var spurð út í líðan sína í dag, að líðanin væri „bara fín“. Þá lýsti hún einlægt og fremur ítarlega hvernig henni leið fyrst eftir umrædda nótt og hvernig tilfinningarnar þróuðust í kjölfarið. Ekkert er fram komið um að brotþoli hafi haft nokkra neikvæða afstöðu til ákærða heldur verður líkt og áður greinir að leggja til grundvallar að samskipti milli þeirra og innan fjölskyldunnar hafi verið góð, sem

framburður brotaþola var til þess fallinn að hafa mikil og slæm áhrif á. Metur rétturinn framburð hennar einlægan og afar trúverðugan.

- 21 Framburður brotaþola fær stoð í margnefndum Snapchat-skilaboðum, sem samkvæmt framansögðu telst sannað að ákærði hafi sent henni. Þrátt fyrir að þar sé ekki fjallað nákvæmlega um atvik er ljóst að ákærði segist þar meðal annars vita að það sem gerst hafi um helgina hafi ekki verið í lagi. Þá virðist hann gangast við því að brotaþoli hafi verið í „engu ástandi“ en segir að hann hafi ekki verið það heldur, þótt hann telji það enga afsökun. Hann segir sér líða mjög illa yfir þessu, hann sé ekki „svona gaur“, hann geri allt til að bæta þetta, gæfi allt til að geta tekið þetta til baka og biðst afsökunar. Framburður brotaþola fær einnig stuðning í öðrum óbeinum sönnunargögnum, svo sem framburði móður og systur brotaþola, sem og vitnisins D, en allar báru þær um að brotaþoli hefði greint þeim frá því að ákærði hefði brotið gegn henni, um vanlíðan hennar því tengda og um það sem brotaþoli sagði þeim að ákærði hefði gert, sem var í öllum meginatriðum í samræmi við það sem brotaþoli bar um fyrir dómi, þótt lýsingar væru misítarlegar. Þá bar F, í símaskýrslu hjá lögreglu sem dómendur hafa hlýtt á, að þegar hann og systir brotaþola sóttu brotaþola til ákærða morguninn eftir atvikið hafi brotaþoli litið út eins og eitthvað hefði gerst og verið döpur. F mundi ekki eftir þessu fyrir dómi en kvað það sem hann hefði sagt lögreglu örugglega rétt. Loks liggur fyrir skýrsla G sálfræðings 28. nóvember 2019 þar sem segir meðal annars að allt viðmót brotaþola bendi til þess að hún hafi fundið fyrir verulegri vanlíðan í kjölfar þess kynferðisbrots sem hún hafi greint frá og uppfylli greiningarskilmerki fyrir áfallastreituröskun. Fyrir dómi bar sálfræðingurinn, sem hafði haft brotaþola til meðferðar fyrir 14. júlí 2019, að eftir það tímamark hafi orðið mjög skýr skil í meðferðinni, komið fram mikil deyfð hjá brotaþola og mikil breyting orðið á henni. Þá er ágreiningslaust að bæði ákærði og brotaþoli voru undir áhrifum áfengis umrætt kvöld.
- 22 Framburður ákærða hefur verið stöðugur um að hann hafi ekki viðhaft þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru. Hann var rólegur við skýrslugjöf fyrir dómi og framburður hans skýr um að hann hefði ekki brotið gegn brotaþola. Á hinn bóginn er fallist á það með héraðsdómi að við skýrslutöku hjá lögreglu hafi ákærði virst vera stressaður og á köflum hikandi og tregur til að svara einstaka spurningum. Þá bar hann með öðrum hætti um fíkniefnaneyslu sína umrætt kvöld hjá lögreglu en fyrir dómi. Ekki verður þó litið svo á að með skýrari framburði fyrir dómi um atriði sem hann hikaði við að svara hjá lögreglu hafi ákærði borið um allt annað en hjá lögreglu, auk þess sem telja má þær skýringar sem hann gaf fyrir dómi á röngum framburði hjá lögreglu um fíkniefnaneyslu skiljanlegar. Á hinn bóginn er ljóst að framburður ákærða, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi, um að hann hafi ekki sent brotaþola þau skilaboð á Snapchat sem áður er vikið að, er í ósamræmi við gögn málsins, enda er samkvæmt framansögðu sannað að þau stafi frá honum. Þá er framburður hans um að ekkert hafi gerst á milli hans og brotaþola í andstöðu við efni þeirra skilaboða. Er hvort tveggja til þess fallið að draga úr trúverðugleika framburðar hans. Loks

einkenndi nokkuð framburð ákærða, jafnt hjá lögreglu og fyrir dómi, að hann gerði minna úr tengslum sínum við brotþola en efni virðast standa til. Þannig bera gögn málsins með sér að ákærði, brotþoli og systir hennar hafi hist niðri í bæ umrætt kvöld, fagnað nýlegu afmæli ákærða og farið síðan heim til hans, en ákærði bar eigi að síður fyrir héraðsdómi að samskipti þeirra hefðu verið lítil sem engin. Þá bera gögn málsins með sér að brotþoli hafi búið inni á heimili ákærða í tæpa tvo mánuði, um það bil þremur árum fyrir umrætt kvöld, en ákærði kvaðst fyrir Landsrétti ekkert muna eftir því að brotþoli hefði búið inni á heimili hans.

- 23 Líkt og að framan er rakið metur rétturinn framburð brotþola afar trúverðugan og hann fær stuðning í öðrum gögnum sem fyrir liggja. Að sama skapi eru fyrir hendi atriði sem draga úr trúverðugleika framburðar ákærða. Samkvæmt þessu og mati dómenda samkvæmt 115. og 126. gr. laga nr. 88/2008 á framburði ákærða annars vegar og brotþola hins vegar telur rétturinn framburð brotþola mun trúverðugri en framburð ákærða, að hann sé stöðugur og skýr um þau atriði sem máli skipta og fái nægilegan stuðning í öðrum gögnum til að hann verði í heild lagður til grundvallar sakfellingu. Telst því hafið yfir skynsamlegan vafa að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi sem greinir í ákæru, að því frátöldu að hann verður sýknaður af því að hafa stungið fingri inn í leggöng brotþola, en sem fyrr segir bar brotþoli um að ákærði hefði snert kynfæri hennar en að hún myndi ekki hvort hann hefði stungið fingri inn. Telst brot ákærða réttilega heimfært til refsíákvæða í ákæru.
- 24 Við ákvörðun refsingar er til þess að líta að brotþoli var 16 ára að aldri er brotið átti sér stað og er [nánar tiltekin fjölskyldutengsl] ákærða. Hann misnotaði það traust sem hún bar til hans og braut alvarlega gegn henni. Horft verður til 1., 2., 6. og 7. tölulíðar 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga, auk a-liðar 195. gr. laganna. Á hinn bóginn er til þess að líta að ákærði var rétt nýorðinn tvítugur, sbr. 4. tölulíð 1. mgr. 70. gr. sömu laga, og hefur ekki áður verið gerð refsing sem þýðingu hefur. Þá er óhjákvæmilegt að horfa til þess verulega dráttar sem orðið hefur á meðferð málsins. Þannig urðu ítrekaðar og óútskýrðar tafir á rannsókn lögreglu, sem þó var ekki umfangsmikil, án þess að ákærða verði þar að nokkru leyti um kennt. Ákæra var ekki gefin út fyrr en tæpum fjórum árum eftir að málinu var vísað til lögreglu og þegar dómur þessi er kveðinn upp er liðið vel á sjötta ár síðan brotið var framið. Var þó brýnt að hraða rannsókn málsins í ljósi ungs aldurs ákærða, sem og brotþola, og þar sem brot ákærða varðar þungri refsingu. Að virtu öllu framangreindu og með hliðsjón af dómaframkvæmd Hæstaréttar, sbr. til dæmis dóma réttarins 16. janúar 2014 í máli nr. 619/2013 og 4. júní 2015 í máli nr. 16/2015, verður refsing ákærða ákveðin fangelsi í tvö ár en hluti hennar bundinn almennu skilorði eins og greinir í dómsorði.
- 25 Brotþoli krefst þess að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur að því er frávísun einkaréttarkröfu hennar varðar og málinu heimvísað að því leyti. Að virtri niðurstöðu málsins og með vísan til 5. mgr. 193. gr. laga nr. 88/2008 verður fallist á þá kröfu eins og í dómsorði greinir.

- 26 Þar sem ákærði hefur verið sakfelldur verður honum gert að greiða allan sakarkostnað málsins í héraði, þar með talin málsvarnarlaun og þóknun réttargæslumanns eins og þau voru þar ákveðin.
- 27 Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, sem ákveðin verða að meðtöldum virðisaukaskatti eins og greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Ívar Gísli Vignisson, sæti fangelsi í tvö ár, en fresta skal fullnustu 21 mánaðar af refsingunni og sá hluti hennar niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Hinn áfrýjaði dómur er ómerktur að því er varðar einkaréttarkröfu brotþola, A, og þeim hluta málsins vísað aftur heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Ákærði greiði allan sakarkostnað málsins í héraði, sem í heild nemur 3.532.000 krónum, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda og þóknun skipaðs réttargæslumanns, samtals 3.400.000 krónur.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, 2.651.074 krónur, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðrúnar Bjargar Birgisdóttur lögmanns, 1.841.400 krónur, og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, Guðmundar Ágústssonar lögmanns, 736.560 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 9. janúar 2024

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. desember 2023, er höfðað með ákæru, útgefni af héraðssaksóknara 19. maí sama ár, á hendur Ívari Gísla Vignissyni, kennitala [...], [...], [...], „fyrir nauðgun, með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 14. júlí 2019, á heimili ákærða að [...], haft samræði og önnur kynferðismök við A, kennitala [...], án hennar samþykkis, með því að notfæra sér að hún gat ekki spornað við verknaðinum sökum áhrifa áfengis og svefndrunga og beita hana ólögmati nauðung með því að nýta sér yfirburði sína og traust hennar sem [nánar tiltekin fjölskyldutengsl], en ákærði stakk fingri inn í leggöng A þar sem hún lá sofandi í rúmi í hjónaherbergi húsnæðisins og hélt því áfram eftir að A vaknaði og færði sig ofan á hana, lét hana fróa honum og hafði samræði við hana gegn hennar vilja.

Telst brot þetta varða við 1. og 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu A, kennitala [...], er þess krafist að ákærði greiði henni miskabætur að fjárhæð kr. 4.000.000.- auk vaxta [samkvæmt] 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sbr. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, frá 14. júlí 2019, en með dráttarvöxtum [samkvæmt] 9. gr. vaxtalaga, sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu

laga, frá þeim degi er mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi er birt til greiðsludags. Einnig er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.“

Ákæra var birt 9. júní 2023 og málið þingfest 27. sama mánaðar. Ákæruvaldið gerir sömu dómkröfur og greinir í ákæru. A, hér eftir nefnd brotaþoli, gerir sömu kröfu um miskabætur, vexti og dráttarvexti og greinir í ákæru, og krefst auk þess hæfilegrar þóknunar til handa skipuðum réttargæslumanni sem greiðist úr ríkissjóði. Ákærði krefst aðallega sýknu en til vara vægustu refsingar. Ákærði krefst aðallega frávísunar á einkaréttarkröfu en til vara að fjárhæð bótakröfu verði lækkuð verulega. Þá krefst ákærði þess að allur sakarkostnaður verði lagður á ríkissjóð, þar með talin hæfileg málsvarnarlaun til handa skipuðum verjanda.

II.

Málsatvik:

Með bréfi barnaverndarnefndar [...], dags. 31. júlí 2019, var óskað eftir lögreglurannsókn vegna meints kynferðisbrots ákærða gegn brotaþola. Í bréfinu greinir nánar frá upplýsingum og atvikum eins og þau horfðu við barnavernd. Nánar tiltekið að B, móðir brotaþola, hefði mánudaginn 22. sama mánaðar leitað til fjölskyldudeildar [...] og greint frá því að ákærði hefði aðfaranótt sunnudagsins 14. sama mánaðar brotið kynferðislega gegn brotaþola. Aðdragandi þess að B leitaði til fjölskyldudeildar hefði verið með þeim hætti að brotaþoli hefði greint systur sinni, C, auk vinkonu, D, frá því sem gerðist. Í framhaldi hefði B fengið fregnir um það sama frá brotaþola og C. Tiltekið var í bréfinu að B hefði ekki leitað til lögreglu og að hún hefði óskað eftir að fá að senda starfsmanni barnaverndar tölvupóst með frekari upplýsingum um hvað hefði gerst. Hún hefði viljað ræða betur við brotaþola um atburðinn og senda samantekt sem brotaþoli væri sjálf búin að skrifa í kjölfar atburðarins.

Í bréfinu var nánar greint frá atvikum og hinu meinta broti og vísað til fyrrgreindra gagna sem bárust frá B eftir á. Nánar tiltekið tölvupósts sem barst barnavernd 30. júlí 2019 með eigin samantekt brotaþola um meint brot og önnur atvik, auk ljósmynda af skilaboðum sem sögð voru hafa verið á milli ákærða og brotaþola eftir hið meinta brot. Í aðalatriðum kom fram í bréfi barnaverndar að brotaþoli og ákærði væru [nánar tiltekin fjölskyldutengsl] og þau hefðu ásamt C og fleira fólki verið úti á lífinu að skemmta sér og áfengi verið haft um hönd. Síðar um nóttina hefðu brotaþoli, C og fleiri farið á heimili ákærða og verið þar saman. C hefði farið fyrir heim og brotaþoli orðið eftir á staðnum. Hún hefði sofnað ölvunarsvefni í rúmi með ákærða en vaknað upp við að hann var að brjóta gegn henni kynferðislega, sbr. atriði sem greinir í verknaðarlýsingu í ákæru.

Í fyrrgreindum gögnum til barnaverndar voru þrjár ljósmyndir af skeytasendingum og voru skeytin sögð hafa átt sér stað á milli brotaþola og ákærða (viðmælanda) nokkru eftir meint brot, svohljóðandi:

ME: „Ívar það sem gerðist um helgina er ekki í lagi“

ÍVAR: „Nei veit það“

ME: „Ívar ég var í engu ástandi þú veist ég vildi þetta alls ekki“

ÍVAR: „Æjj Sorry !!!! Mer liður mjög illa yfir þessu Var ekki í ástandi heldur þá það sé enginn afsökun“

ÍVAR: „Mer lidur ógeðslega illa yfir þessu [tjákn: leiður gulur kall með einu tári] er ekki svona gaur og þú veist það, geri allt til að bæta þetta !!! Angrins hef ekkert sofið og gæfi allt til að taka þetta til baka“

Að auki var í fyrrgreindum gögnum til barnaverndar fyrrgreindur tölvupóstur frá B með eigin samantekt brotaþola, svohljóðandi:

Þetta gerðist á sunnudagsmorgni (eftir miðnætti þannig þann 14. júlí, 2019). Við vorum búin að vera að djamma saman niðri í bæ (ég, C, [ákærði] og vinir og vinkonu hans). [Ákærði] var alltaf að peppa mig og C í að drekka meira og verða fullar, sjálfur var hann vel góður á því en klukkan var fyrir 3 um morgun þá. Svo bauð hann okkur í eftirpartý heima hjá sér sem við C töldum nú bara vera spennandi enda hittum við hann sjaldan. Ég og C fórum á [...] tvær saman um 3 leytið fram að lokun og svo beint í eftirpartýið sem [ákærði] var mjög spenntur að fá okkur í og við að fara í það. Þegar við mættum í eftirpartýið var svo enginn þar nema [ákærði] og vinur hans [E]. Við klárum að drekka kampavínsflösku sem C hafði tekið með sér úr bænum og svo eru ég og C orðnar verulegar góðar á því, eiginlega allt of. Þá ákveða C og vinur hennar sem hafði komið með okkur af [...] að fara heim en þegar C segir mér að taxinn fari að koma þá spyr [ákærði] mig „[nafn brotþola] viltu ekki bara vera eftir og gista?“ og ég fór að þæla í því og ég nennti nú eiginlega ekki að vera að thirdsheela C og vin hennar og hvort eð er langt síðan að ég gisti heima hjá [...] svo hví ekki að hafa félagsskap [ákærða] og [E] og horfa á mynd með þeim í stað þess að fara heim og láta mér leiðast. Svo byrjum við að horfa á Dr. Strange en erum öll þrjú orðin þreytt. Ég reyni að heyra í C því mig langar heim en hún var því miður sofnuð þannig að ég ákveð á endanum að gista og spyr [ákærða] hvar ég eigi að sofa. Hann segir mér bara að sofa upp í hjónarúmi þar sem hann sjálfur lá og var að fara að sofa, ég þældi ekkert frekar út í það heldur lagðist bara upp í þetta tvískipta rúm með tveimur sængum (sér sængur á mann) og fór að sofa og bara sofnaði. Skyndilega vakna ég upp við það að það er einhver að putta mig og fyrst leið mér eins og að ég væri heima með einhverjum stráki sem ég hafði farið heim með (var alveg út úr því) síðan þegar ég vaknaði aðeins betur og áttaði mig á því að ég væri í [...] þá opnaði ég augun og sá [ákærða] [...] þar sem hann var að putta mig. Ég spyr hann hvað hann er að gera en hann þaggar niður í mér og færir sig ofan á mig. Ég fór í sjokk og var nánast máttlaus. Hann heldur áfram að putta mig og lætur mig rúnka sér. Ég man voða lítið eftir þetta, líkt og að líkaminn hafi bara slökt á sér. Á einhverjum tímupunkti hætti hann að putta mig og stakk honum inn í mig. Svo man ég ekki hvort hann hafi fengið það eða ekki ég veit ekki hvort heilinn hafi bara slökkt á sér vegna sjokksins sem ég var í eða hvað en þegar að ég vaknaði var búið að opna jakkann minn alveg sem var hnepptur þegar að ég fór að sofa og ég man ekki hvernig það gerðist, hvort að hann hafi verið búin að gera það áður en ég vaknaði eða þegar ég bara hvarf úr líkamanum mínum. Ég man að þegar að ég var að rúnka honum var typpið hans alveg grjóthart.

Brotþoli gaf framburðarskýrslu hjá lögreglu 2. október 2019 þar sem hún greindi nánar frá atvikum, eins og þau horfðu við henni. Í skýrslu hennar kom í aðalatriðum fram það sama og áður greinir. Lýsti hún meintu broti, að því marki sem henni var unnt og hún mundi eftir, meðal annars vímuástandi og bjargar-eða máttleysi þegar hún rankaði við sér, ákærði hefði sett fingur í kynfæri hennar, puttað hana, henni hefði ekki verið unnt að stöðva og/eða segja neitt við ákærða. Hún hefði fróað honum í tengslum við það að hann tók um hönd hennar og setti á kynfærin. Einnig sagði hún að hann hefði *stungið honum inn*, í þeirri merkingu að hann hefði haft við hana samræði, en hún dottið út eða sofnað út frá því. Hún hefði vaknað næsta morgun og ákærði á þeim tíma verið að gera sig ferðbúinn til vinnu. Stutt orðaskipti hefðu átt sér stað á milli ákærða og hennar um að hún myndi láta sækja sig. Ákærði hefði síðan farið og hún orðið eftir í húsnaðinu. Brotþoli hefði síðan hringt í C sem hefði komið að sækja hana og þær farið á annan stað og fengið sér að borða og síðan farið heim. Einnig greindi brotþoli frá fyrrgreindum skeytasendingum sem hún sagði hafa verið við ákærða eftir á, auk þess sem hún greindi frá vanlíðan sinni. Þá greindi hún frá því að hún hefði til að byrja með ekki viljað segja frá hvað gerðist en ákveðið að leita fyrst til C og segja henni frá og að það hefði verið tveimur dögum eftir meint brot.

Ákærði gaf framburðarskýrslu 16. janúar 2020 með réttarstöðu sakbornings þar sem hann greindi frá meintum atvikum, eins og þau horfðu við honum. Í aðalatriðum kannaðist hann við að hafa verið í samskiptum við brotþola og C umrædda nótt, sem og að þær og fleira fólk hefðu komið á heimili hans eftir að hafa verið að skemmta sér í miðborginni. Greindi hann frá því sama og áður greinir, meðal annars varðandi ölvun, að C hefði farið fyrir af staðnum og brotþoli orðið eftir og gist og það hefði verið í rúmi við hlið ákærða. Þá hefði annar maður einnig gist í húsinu, vinur ákærða, E, en hann hefði verið í öðru herbergi. Ákærði kannaðist ekki við að neitt kynferðislegt hefði átt sér stað milli hans og brotþola og bar af sér allar sakir af þeim toga. Þá kannaðist hann ekki við fyrrgreind skeyti og sagði þau ekki stafa frá sér.

Á tímabili frá 2. október 2019 til 11. október 2021 voru teknar skýrslur af fimm vitnum, þar af fjórum símleiðis. Vitnið B, móðir brotþola, greindi meðal annars frá líðan og fyrstu frásögn brotþola af meintu broti. Um þá frásögn og önnur atvik vísast nánar til reifunar á vætti B fyrir dómi. Vitnið C, systir brotþola, greindi símleiðis meðal annars frá atvikum næturinnar, samskiptum við ákærða, hvaða fólk hefði verið á staðnum, ölvun og að brotþoli hefði orðið eftir. Einnig greindi hún frá atvikum daginn eftir og líðan og fyrstu frásögn brotþola af hinu meinta broti. Í fyrstu frásögn hefði brotþoli meðal annars greint frá því að ákærði hefði boðið henni upp í hjónarúm þar sem hann var einn heima. Brotþoli hefði farið þangað til að sofa en síðan hefði ákærði komið þangað líka og brotþoli vaknað upp við það að hann var að putta hana eða eitthvað svoleiðis, hún hefði frosið við það og ákærði sussað á hana og síðan lokið sér af. Vitnið D, vinkona systur brotþola, greindi símleiðis frá samskiptum við brotþola og C nokkru eftir meint brot og fyrstu frásögn brotþola af því sem gerðist. Í vætti vitnisins um frásögnina kom meðal annars fram að brotþoli hefði greint frá því að hafa verið uppi í rúmi með ákærða og sér hefði liðið vel með það þar sem hann væri [nánar tiltekin fjölskyldutengsl]. Ákærði hefði síðan farið upp á hana og nauðgað henni og sussað á hana svo hún myndi ekki segja neitt. Þá hefði komið fram í frásögninni að hún hefði verið alveg kyrr eða dofin. Vinur systur brotþola, F, greindi frá því símleiðis að hafa verið með systrunum í för umrædda nótt og farið á heimili ákærða en síðan farið með C og brotþoli hefði orðið eftir. Þau hefðu sótt hana morguninn eftir og hún hefði á þeim tíma virst vera döpur eða eitthvað skrýtin í háttum og litið út fyrir eins og eitthvað hefði gerst. Að auki var tekin stutt skýrsla símleiðis af E, sem sagður var hafa gist í öðru herbergi í húsinu þessa nótt. Hann kvaðst ekkert muna eftir þeim atvikum og enga vitneskju hafa um málið.

Meðal rannsóknargagna eru lögregluskýrsla frá 14. júní 2022 með ljósmyndum um skoðun á Snapchat-auðkenni ákærða, þar með talið tjákni (*bitmoji*), eins og það birtist í síma móður brotþola 17. febrúar sama ár, auk vistaðs skjáskots frá 20. febrúar 2020 í sama síma, af tjákni, ætluðu Snapchat-auðkenni ákærða á þeim tíma.

Meðal rannsóknargagna eru lögregluskýrslur frá 29. og 31. ágúst 2022 um afritun á Snapchat-reikningi ákærða þann 26. sama mánaðar. Í þessum gögnum greinir meðal annars að á þeim tíma hafi ekki verið unnt að sjá nein skilaboð milli ákærða og brotþola á tæðum reikningi. Þá hafi tjákn á reikningi ákærða á þessum tíma, sem Snapchat-auðkenni, verið hin almenna *Snapchat-mynd*.

Í rannsóknargögnum er einnig lögregluskýrsla frá 31. ágúst 2022 um afritun á síma brotþola á ótilgreindum tíma, auk annarrar skýrslu frá 26. september sama ár um gögn í símanum. Í hinni síðari skýrslu greinir meðal annars að ákærði og brotþoli hafi á þeim tíma enn verið vinir á Snapchat en ekki hafi verið unnt að finna tjákn. Þá hafi verið skilaboð í símanum frá 16. júlí 2021 til ótilgreinds viðtakanda, efnislega um að hún gæti ekki hugsað sér að vera í návist eða í öðrum samskiptum sem væru samsömuð við ákærða.

Meðal gagna er vottorð G sálfræðings, dagsett 28. nóvember 2019, um meðferð brotþola. Í vottorðinu er gerð grein fyrir yfirliti viðtala, niðurstöðum prófa og mati á sálrænum einkennum og líðan. Greinir meðal annars að brotþoli hafi á þeim tíma verið búin að sækja 19 viðtöl á tímabili frá 28. nóvember 2018 til útgáfudags vottorðsins. Sálfræðimeðferð og vanlíðan hennar hafi framan af verið vegna nánar tilgreindra atvika í fjölskyldu eða heimilislífi brotþola. Í viðtali 26. ágúst 2019 hafi brotþoli greint frá meintri

nauðgun af hálfu ákærða. Í fyrstu hafi hún lýst afneitun og forðun þar sem hún hafi reynt að forðast það að greina frá því sem gerðist eða hugsa um það. Allt viðmót brotaþola hafi á þessum tíma bent til þess að hún fyndi fyrir verulegri vanlíðan í kjölfar meints kynferðisbrots. Hún hafi uppfyllt greiningarskilmerki fyrir áfallastreituröskun. Brotaþoli hafi á útgáfutíma vottorðsins enn glímt við einkenni kvíða, þunglyndis og lágs sjálfsmats. Henni hafi með tímanum tekist betur að takast á við kvíðaeinkenni samhliða því að læra betur inn á eigin kvíða og líkamleg einkenni. Hið meinta kynferðisbrot hafi valdið henni sálrænni vanlíðan. Samkvæmt því sem komið hafi fram hjá brotaþola hafi hún komist í kynni við kynferðislega hegðun sem stangaðist á við siðferðiskennd hennar og reynsluheim þar sem meintur gerandi sé [nánar tiltekin fjölskyldutengsl] og hún hafi áður verið í góðum fjölskyldutengslum við hann. Niðurstöður hafi sýnt að slíkt geti haft verulega neikvæð áhrif á líðan fólks með nánar tilgreindum hætti. Brotaþoli hafi upplifað óöryggi og tilfinningu fyrir því að karlmenn væru hættablegir. Þá hafi hún átt langt í land með að byggja upp heilbrigða sjálfsmynd og verið í þörf fyrir áframhaldandi sálrænan stuðning.

III.

Skýrslur fyrir dómi:

1.

Ákærði greindi meðal annars frá því að hann, brotaþoli og systir hennar, C, hefðu umrædda nótt hist fyrir tilviljun í miðborginni en þau hefðu verið að skemmta sér. Ákærði væri [nánar tiltekin fjölskyldutengsl] en hann og þær væru [...]. Ákærði hefði drukkið bæði létt og sterkt áfengi og verið undir áhrifum. Brotaþoli og C hefðu einnig verið að drekka áfengi um nóttina. Frekar spurður um ölvunarstig kvaðst hann telja að hann hefði verið ölvaður á bilinu sjö til átta á mælikvarðanum upp í 10 en hann kvaðst hins vegar ekki muna hvernig því var háttað með brotaþola og C. Samskiptin á milli þeirra hefðu þróast með þeim hætti að þau þrjú, ásamt vini C, sem ákærði kvaðst ekki vita deili á, auk vinar ákærða, E, hefðu skipt sér niður á tvær leigubúfreiðir og farið saman heim til ákærða. Til að byrja með, eftir að vera komin á heimili hans, hefðu þau horft á eða ætlað að horfa á kvikmynd. Ákærði hefði neytt kannabisefna á heimilinu og kvaðst hann gera ráð fyrir að það sama ætti við um E. C og samferðamaður hennar hefðu fljótlega farið af staðnum en brotaþoli hefði hins vegar orðið eftir og verið að reyna að útvega sér far heim. Ákærði hefði verið þreyttur og viljað leggjast til hvílu. E hefði ætlað að sofa í húsinu og ákærði sagt honum hvar hann gæti sofnað en það hefði verið í svefnherbergi yngri bróður ákærða sem var fjarverandi.

Ákærði hefði lagst til hvílu í svefnherbergi foreldra sinna og fljótlega sofnað. Hann hefði verið einn í svefnherberginu á þeim tíma og legið í stóru hjónarúmi. Um morguninn þegar hann vaknaði hefði hann orðið var við brotaþola sofandi þar sem hún lá við hliðina á honum í rúminu. Ákærði kvaðst ekki vita hvernig það kom til að hún lagðist til hvílu hjá honum um nóttina og hann hefði ekkert orðið var við hana um nóttina. Sér hefði ekki þótt það skrytið að hún lá sofandi í rúminu en hún hefði eitthvað gist á heimili hans þegar hún var yngri. Ekkert kynferðislegt hefði gerst milli þeirra um nóttina og frekar spurður um hið sama vísað ákærði því alfarið á bug. Atvik hefðu aðeins verið með þeim hætti að hann sofnaði og vaknaði eins og áður greinir. Ákærði hefði verið að flýta sér til vinnu eftir að hafa vaknað en hann hefði átt að mæta milli kl. 11 og 12. Hann hefði ekkert talað við brotaþola og hún verið sofandi þegar hann fór af staðnum. Þá kvaðst hann ekki hafa tekið eftir því hvernig hún var klædd og hvernig hún lá í rúminu á þeim tíma. Ákærði hefði komið til baka um klukkan 17 sama dag og brotaþoli og E verið farin úr húsinu á þeim tíma.

Ákærði kvaðst ekki hafa rætt við brotaþola eða verið í samskiptum við hana eftir umrædda nótt. Hann hefði fyrst frétt af kærinni þegar lögregla hafði samband við hann í tengslum við rannsókn málsins. Þá hefðu samskiptin milli hans og brotaþola alveg hætt í kjölfar fyrrgreindrar kærni til lögreglu og kvaðst ákærði ekki vilja vera í neinum samskiptum við brotaþola út af kærinni. Frekar spurður kvaðst ákærði ekki hafa neinar skýringar á því hvers vegna brotaþoli bæri hann sökum um meint kynferðisbrot. Þau hefðu almennt verið í litlum en góðum samskiptum áður fyrr en ýmislegt ótengt þeim tveimur hefði hins vegar verið búíð að ganga á hjá fjölskyldunni. Til viðbótar greindi hann frá því að brotaþoli hefði verið meðal boðsgesta í útskriftarveislu hjá systur hans sem var haldin [...] 2023 á þeim sama stað og meint brot átti

sér stað. Ákærði hefði hins vegar ekkert talað við brotþola í veislunni en þar hefðu einnig verið móðir og systir hennar, auk annarra boðsgesta.

Spurður út frá gögnum málsins kvaðst ákærði hafa verið með aðgang að Snapchat á árinu 2019. Hann hefði alltaf verið með sama Snapchat-aðganginn og spurður um heiti á Snapchat nefndi hann þrjú sem hann taldi að gætu komið til greina í því samhengi með nánar tilgreindri tilvísun til nafns hans og mögulega einnig fæðingarárs. Ákærði kvaðst ekki muna hvort hann hefði verið vinur brotþola á Snapchat á þeim tíma sem um ræðir. Hið sama gildi þegar hann var spurður um móður og systur brotþola á þeim tíma og/eða síðar. Ákærði kvaðst kannast við að hafa í tengslum við eigin notandaaðgang á Snapchat búið til tjákn með andlitsmynd af karli klæddum í föt og þannig væri núverandi mynd hans sem notanda á Snapchat. Hann kvaðst hins vegar ekki muna hvort slíkt tjákn hefði verið í notkun á þeim tíma þegar meint brot var framið. Frekar spurður út frá gögnum málsins kvaðst ákærði ekki kannast við meint Snapchat-samskipti hans við brotþola sem fylgdu kærnu til lögreglu, sbr. málavaxtalýsingu. Staðhæfði hann að þau stöfuðu ekki frá sér. Þá kvaðst ákærði ekki hafa skýringar á því hvers vegna brotþoli héldi hinu gagnstæða fram. Að auki greindi ákærði frá því að hann hefði á þeim tíma þegar hann gaf skýrslu hjá lögreglu verið fús til að leyfa afritun á gögnum úr síma sínum. Það hefði hins vegar verið nokkrum vandkvæðum bundið þar sem ýmislegt annað hefði verið í símanum sem hann þurfti að nota. Hann hefði því átt erfitt með að láta frá sér símann á þeim tíma. Síminn hefði hins vegar verið afritaður nokkru síðar.

2.

Brotþoli greindi meðal annars frá því að hún og systir hennar, C, hefðu umrætt kvöld ákveðið að fara út að skemmta sér í miðborginni. Þær hefðu hitt ákærða og vini hans í bænum og farið með þeim á tvo skemmtistaði. Ákærði hefði verið nýbúinn að eiga tvítugs afmæli og þær verið að fagna því með honum. Ákærði hefði tjáð þeim að hann væri einn heima og boðið þeim heim í eftirpartí. Þær hefðu þegið boðið en áður hefðu þær farið á annan skemmtistað án þess að ákærði væri með þeim í för. Síðar um nóttina, eftir lokun skemmtistaða, hefðu þær, ásamt vini C, F, farið heim til ákærða en ekki verið samferða honum á staðinn.

Þegar komið var heim til ákærða hefðu þau áttað sig á því að í raun var ekkert eftirpartí og aðeins ákærði og E vinur hans á staðnum. Þau hefðu verið þar nokkra stund og verið að spjalla saman. Spurð um áfengisneyslu umrædda nótt greindi brotþoli frá því að það hefði verið meira en venjulega en hún hefði verið von því að fá sér bjór. Ákærði hefði hins vegar fyrr um nóttina verið að halda að þeim sterku áfengi með *skotum* og hún verið óvön því. Frekar spurð kvaðst hún telja sig hafa verið ölvada á stiginu sjö á mælikvarðanum upp í 10. Hún hefði ekki neytt kannabisefna heima hjá ákærða en þeir E hefðu verið að neyta slíkra efna. Þá kvaðst brotþoli ekki geta sagt til um ölvunarástand ákærða um nóttina. Nokkru síðar um nóttina, í tengslum við það þegar brotþoli, C og F voru við það að fara, hefði ákærði boðið henni að vera lengur og horfa með þeim E á kvikmynd. Brotþoli hefði þegið boðið og orðið eftir en systir hennar og F hefðu farið. Mjög fljótlega á eftir hefðu ákærði og E hætt að horfa og farið að sofa. Ákærði í svefnherbergi foreldra sinna og E í öðru herbergi. Brotþoli hefði ekki vitað hvar hún ætti að vera og farið inn í herbergið til ákærða og spurt hvar hún gæti sofíð. Hann hefði boðið henni að leggjast til hvílu við hliðina á sér í rúminu og hún samþykkt það. Henni hefði ekki fundist neitt athugasvert við boðið og talið það eðlilegt þar sem hann var [nánar tiltekin fjölskyldutengsl], auk þess sem hún hefði oft áður þegar hún var yngri gist á heimilinu og við hlið hans.

Brotþoli kvaðst hafa verið klædd í hnepptan jakka og pils, auk þess að vera í nærbuxum og sokkum. Hún hefði klætt sig úr pilsinu og lagst til hvílu og sofnað. Hún hefði vaknað einhverju síðar við það að einhver var að snerta á henni kynfærin með fingrunum, putta hana. Hún hefði til að byrja með verið frekar rænulaus og ekki áttað sig á því hvar hún væri stödd og hvað væri að gerast. Það hefði síðan skýrst fyrir henni og hún áttað sig á því að hún væri stödd í herberginu með ákærða og að það væri hann sem væri að koma við hana, eins og áður greinir. Hún hefði legið á bakinu og hann verið hliðina á henni. Hún hefði legið frosin og ekki tekið þátt. Hún hefði á einhverjum tímamarki spurt hvað hann væri að gera en hann tekið utan um

munninn á henni, sussað á hana og síðan sleppt takinu. Engin önnur samskipti hefðu verið á milli þeirra. Ákærði hefði síðan farið ofan á hana, tekið um höndina á henni og látið hana taka um og fróa getnaðarlimnum og hann verið harður. Hún hefði síðan hætt að fróa honum því hana langaði ekki til að halda því áfram. Frekar spurð um framangreind atriði greindi hún frá því að hún hefði frosið og ekki vitað hvað hún ætti að gera eftir að hann tók um munninn á henni og sussaði á hana. Margt hefði farið í gegnum huga hennar og hvort betra væri að liggja þar sem hún var og láta þetta gerast svo þetta yrði ekki verra. Ákærði hefði síðan stungið getnaðarlimnum inn í hana og haft við hana samræði en brotaþoli kvaðst aðeins muna lítið af því. Spurð um fyrrgreinda minnisskerðingu um þann hluta atvika kvaðst hún ekki vita hvort það stafaði af áfengisneyslu eða hvort um hefði verið að ræða líkamleg viðbrögð hjá henni sem lokuðu á þær minningar. Frekar spurð um fyrrgreind atvik út frá tímalengd kvaðst brotaþoli ekki átta sig vel á því, hvorki varðandi heildartímalengd né í einstökum hlutum. Sér hefði fundist óralangur tími líða á meðan ákærði var að putta hana og í minningunni hefði það verið það sem í tíma stóð lengst yfir. Frekar spurð kvaðst brotaþoli ekki muna með vissu hvort finger ákærða hefði verið inni í kynfærunum á henni eða hvort hann hefði verið að snerta á henni sníþinn. Ákærði hefði þessu næst látið hana fróa sér og hann síðan haft við hana samræði en minningar um hið síðastnefnda væru takmarkaðar, eins og áður segir. Greindi hún frá því að tímaskyn hennar hefði ekki verið gott um nóttina, auk þess sem langur tími væri liðinn frá því að atvik áttu sér stað.

Greindi brotaþoli frá því að hún myndi næst eftir sér þegar hún vaknaði í rúminu og ákærði var á sama tíma í herberginu að búa sig til að mæta í vinnu og afsaka sig í síma fyrir að vera orðinn of seinn. Sér hefði liðið mjög óþægilega og viljað komast burt. Hún hefði áttað sig á því að eitthvað meira hefði greinilega gerst um nóttina og kvaðst hún vera viss um það þar sem hún hefði þarna um morguninn áttað sig á því að jakkinn sem hún var klædd í frá því um nóttina var fráhnepptur. Það hefði verið breyting frá því sem var þegar hún mundi eftir sér um nóttina. Frekar spurð um klæðnað um morguninn kvaðst brotaþoli halda að hún hefði verið klædd að neðan þegar hún vaknaði. Nánar spurð um líkamlega líðan á þessum tíma kvaðst brotaþoli ekki vita hvort hún hefði fundið í líkamanum eins og að eitthvað hefði gerst en sér hefði liðið mjög óþægilega, eins og áður greinir.

Ákærði hefði spurt hana hvort hún gæti komið sér sjálf heim en þau ekki talað neitt meira saman. Hún hefði verið fegin að þurfa ekki að fá far með honum og beðið eftir að hann færi. Hún hefði síðan farið á fætur, hringt í systur sína og fengið hana til að koma og sækja sig. Brotaþoli hefði ekki hitt E í húsinu um morguninn og kvaðst hún ekki vita hvort hann hefði verið farinn á þeim tíma. C hefði síðan komið og sótt hana og þær farið saman og fengið sér að borða. Þær hefðu síðan farið heim. Brotaþoli kvaðst í fyrstu ekki hafa viljað segja C frá hvað hefði gerst. Hún hefði verið óviss um hvað hún ætti að gera, auk þess sem hún hefði skammast sín. Hún hefði haldið kyrru fyrir heima þennan dag. Líðan hennar hefði verið óþægileg og henni fundist eins og hún væri skítug. Kvaðst hún telja að það hefði verið daginn eftir sem hún hefði fengið C með sér í ökuferð og á meðan hefði hún sagt henni frá meintu broti ákærða og leitað ráða hjá henni. C hefði tekið frásögnina mjög nærri sér en þær systur væru nánar. Þá hefðu þær nokkru síðar sagt D vinkonu sinni frá hinu sama. Þá hefðu þær sama kvöld eða daginn eftir, í framhaldi af samtali við D, greint B móður sinni frá því hvað hefði gerst. Frekar spurð staðfesti brotaþoli fyrrgreindar ljósmyndir af Snapchat-skilaboðum og greindi einnig frá því að hafa eftir meint brot verið í skilaboðasamskiptum við ákærða á Snapchat, sbr. málavaxtalýsingu. Þau hefðu á þeim tíma verið vinir á Snapchat. Skilaboðin hefði hún sent til hans eftir að vera búin að segja C og D frá hvað gerðist.

Greindi brotaþoli frá tengslum sínum við ákærða og fjölskyldu hans frá fyrri tíð, meðal annars að hún hefði um tíma búið á heimili hans vegna erfiðs tímabils í lífi hennar í tengslum við [...]. Um þessi atriði vísast nánar til vættis C og B, sbr. reifanir síðar, en brotaþoli greindi frá því að þau ákærði hefðu frá fyrri tíð verið nánir sem [...]. Varðandi líðan eftir á greindi brotaþoli meðal annars frá því að hún hefði fyrst á eftir fundið fyrir sterkum tilfinningum og í fyrstu verið meðvirk og liðið illa og það að nokkru leyti verið hans vegna og hún verið að afsaka hans gjörðir. Pírringur, reiði og sorg hefði einnig gert vart við sig. Vanlíðan hennar hefði haft mikil áhrif á hana og það meðal annars truflað mætingu í skóla og samskipti við aðra og

hún hefði meðal annars einangrað sig. Hún hefði fyrir meint brot verið í sálfræðimeðferð út af öðrum og eldri atvikum og átt bókað viðtal hjá sálfræðingi nokkrum dögum síðar. Hún hefði í viðtalinu sagt sálfræðingnum frá því sem gerðist. Greindi brotþoli nánar frá meðferð og bata, þar með talið berskjöldun og fleira, en um þau atriði vísast til fyrrgreinds vottorðs og reifunar á vætti sálfræðingsins fyrir dómi, sbr. nánar síðar. Að auki greindi vitnið frá samskiptum í fjölskyldunni eftir á en um þau atriði vísast nánar til reifana á vætti C og B.

3.

Vitnið C greindi meðal annars frá því að hafa umrædda nótt verið í miðborginni ásamt brotþola. Þær hefðu hitt og mælt sér mót við ákærða um nóttina eða það gerst fyrir tilviljun. Þá hefðu samskipti einnig verið á milli þeirra á Snapchat. Þau hefðu verið undir áhrifum áfengis að skemmta sér og dansa saman. Vitnið og brotþoli hefðu farið á annan skemmtistað og kvatt ákærða og hann boðið þeim að koma á heimili hans síðar um nóttina í eftirpartí. Vitninu hefði fundist ákærði vera óþægilegur í samskiptum eða einhver undirtónn vera í samskiptunum eða nærveru hans sem truflaði hana, til að mynda hvernig hann talaði og dansaði við þær. Þetta hefði verið óvenjulegt og ekki samrýmst tengslum þeirra sem [...]og kvaðst vitnið hafa fært þetta í tal við brotþola.

Vitnið greindi frá því að þær hefðu verið í samskiptum við ákærða síðar um nóttina og verið áhugasamar um að þiggja heimboðið. Þær hefðu komið ásamt F en engir aðrir en ákærði og vinur hans, sem vitnið kvaðst ekki vita deili á, hefðu verið á staðnum. Þá hefði fleira fólk ekki verið væntanlegt. Greindi vitnið frá því að hafa verið í einhvern tíma heima hjá ákærða um nóttina þar sem þau hefðu talað saman og neytt áfengis. Hún kvaðst ekki gera sér grein fyrir því hversu lengi það hefði verið. Þá hefði kannabisneysla einnig átt sér stað en vitnið ekki neytt slíkra efna. Hún hefði þegar leið á verið orðin þreytt og sýnt á sér fararsnið. Hún hefði hringt eftir leigubifreið en ákærði fært í tal við brotþola hvort hún vildi vera áfram og yfir nóttina. Vitnið og vinur hennar, F, hefðu farið af staðnum en brotþoli orðið eftir. Frekar spurð um ölvunarstig á þessum tíma kvaðst vitnið telja að þær brotþoli hefðu verið ölvaðar á bilinu átta til níu á mælikvarðanum upp í 10. Þær hefðu verið undir miklum áfengisáhrifum en báðar verið kátar og hressar. Þá kvaðst hún telja að ákærði hefði út frá sama mælikvarða verið drukkinn á bilinu sjö til átta.

Vitnið greindi frá því að brotþoli hefði hringt í hana daginn eftir og beðið hana að koma og sækja sig heima hjá ákærða. F hefði komið með vitninu á staðinn og honum síðan verið ekið á veitingastað en vitnið og brotþoli farið heim. Brotþoli hefði á þeim tíma ekki virst vera alveg lík sjálfri sér eða eitthvað furðulegt í hegðun en ekki sagt frá að neitt hefði gerst. Vitnið hefði ekki hugleitt þetta frekar á þeim tíma en hún hefði fengið betri mynd af því síðar þegar brotþoli greindi henni frá hvað hefði gerst. Það hefði átt sér stað síðar, þegar þær voru saman í ökuferð. Vitnið hefði tekið frásögn brotþola mjög nærri sér. Greindi vitnið einnig frá því að hún hefði verið viðstödd samtal þar sem brotþoli greindi vinkonu, D, frá hinu sama en þær hefðu leitað ráða hjá henni. Í framhaldi, stuttu síðar, hefðu brotþoli og vitnið greint móður sinni frá því hvað hefði gerst. Að auki greindi vitnið frá því að hafa verið viðstödd fyrrgreind meint samskipti ákærða og brotþola á Snapchat sem bárust í síma hinnar síðarnefndu, sbr. málavaxtalýsingu. Kvaðst vitnið hafa tekið ljósmyndir af þeim samskiptum sem fylgdu kæru barnaverndar til lögreglu. Samskiptin hefðu átt sér stað mjög stuttu eftir atburðinn, þ.e. mögulega einum eða tveimur dögum eftir atburðinn, en vitnið kvaðst ekki muna það nákvæmlega.

Frekar spurð um fyrstu frásögn brotþola kvaðst vitnið ekki treysta sér til að greina frá því þar sem hún myndi það ekki lengur og hún væri búin að loka á þær minningar þar sem þær væru henni erfiðar. Um hefði verið að ræða frásögn brotþola af kynferðislegum athöfnum ákærða og sífjaspellum. Nánar aðspurð út frá lögregluskýrslu vitnisins um hið sama kannaðist vitnið við þá lýsingu sem höfð var eftir henni, sbr. reifun í málavaxtalýsingu.

Vitnið kvaðst ekki muna vel eftir Snapchat-samskiptunum við ákærða en þau ákærði hefðu á umræddum tíma verið vinir á þeim samskiptamiðli. Vitnið hefði hins vegar síðar líklega eytt honum eða lokað á hann á Snapchat. Samskipti ákærða, brotþola og vitnisins hefðu verið nán þegar þau voru yngri og mikill

samgangur þeirra á milli. Þá hefði brotaþoli um tíma búið á heimili ákærða í tengslum við [...] á árinu [...]. Brotaþoli hefði eftir meint brot farið í mikið þunglyndi og átt mjög erfitt andlega. Hún hefði til að mynda lokað sig af, haldið sig í rúminu og hætt að mæta í skólann. Einnig hefðu átt sér stað markverðar breytingar hjá ákærða, en hann hefði hætt að láta sjá sig í fjölskylduboðum og eftir því hefði verið tekið. Kvaðst vitnið halda sambandi við [...] og samskipti hefðu verið milli þeirra og fleira af þeim toga í tengslum við fjölskylduboð en vitnið kvaðst ekki lengur vilja vera í návist ákærða.

4.

Vitnið F kvaðst ekki muna vel eftir atvikum umræddrar nætur vegna þess tíma sem væri liðinn, auk þess sem hann hefði verið undir áhrifum áfengis. Í vætti hans kom meðal annars fram að hann hefði fylgt C og brotaþola með leigubifreið á heimili ákærða en vitnið hefði hitt C fyrir um nóttina í miðborginni. Vinur ákærða hefði einnig verið á staðnum. Meðan þau voru á heimili ákærða hefðu þau verið að spjalla saman og vitnið ekki séð neitt rangt gerast. Vitnið hefði síðar um nóttina farið með C en brotaþoli orðið eftir á staðnum. Vitnið kvaðst ekki muna eftir að hafa komið daginn eftir með C og sótt brotaþola. Hann kvaðst mögulega hafa rætt við brotaþola um atvik næturinnar einhvern tímann síðar en hann hefði verið búsettur erlendis og frétt af meintu broti eftir á. Frekar spurður út frá lögregluskýrslu kvaðst vitnið telja að framburður hans á þeim tíma um atvik daginn eftir og hvernig brotaþoli kom honum fyrir sjónir á þeim tíma hefði verið réttur, sbr. reifun í málavaxtalýsingu. Styttri tími hefði verið liðinn frá atvikum þegar hann gaf skýrslu hjá lögreglu. Hann kvaðst hins vegar ekki muna lengur eftir þeim atvikum sem hann greindi frá þar. Spurður um ölvun umrædda nótt kvaðst vitnið telja að hann, C og brotaþoli hefðu verið ölvuð á bilinu sex til átta á mælikvarðanum upp í 10. Þá kvaðst hann telja að ákærði verið á bilinu fjórir á sama mælikvarða. Frekar spurður um hið sama út frá lögregluskýrslu þar sem önnur mælivíðmið komu fram vísaði vitnið til hins sama og áður greinir varðandi misræmi.

5.

Vitnið E kvaðst mjög lítið muna eftir umræddum atvikum. Í framburði hans kom meðal annars fram að hann hefði komið á heimili ákærða umrædda nótt eftir að hafa hitt hann í miðborginni. Tvær stúlkur hefðu einnig komið á staðinn og einhver tengsl verið milli annarrar þeirra og ákærða. Vitnið kvaðst ekki hafa þekkt stúlkurnar og ekki vita frekari deili á þeim. Þá kvaðst hann ekki minnst þess að hafa kynnt sig fyrir þeim um nóttina og ekki geta sagt til um hvort þær hefðu verið ölvaðar. Hann hefði sjálfur verið undir áhrifum áfengis en frekar spurður kvaðst hann ekki kannast við kannabisneyslu. Vitnið hefði fljótlega farið að sofa í svefnherbergi á efri hæð hússins og stúlkurnar verið á staðnum þegar hann gekk til hvílu. Kvaðst vitnið ekki vita hvað hefði gerst eftir það í húsinu en hann hefði verið sóttur af móður sinni næsta morgun um klukkan átta eða hálf níu. Vitnið hefði farið af staðnum án þess að tala við neinn. Þá hefði vitnið ekki verið í samskiptum við ákærða næstu daga á eftir. Vitnið kvaðst hafa munað mjög illa eftir atvikum þegar lögregla hafði samband við hann símleiðis rúnum tveimur árum eftir umrædda nótt. Vitnið hefði eftir á þurft að glöggva sig betur á umræddum atvikum og kvaðst vitnið ráma í það að lögregla hefði hringt tvívegis í hann vegna málsins.

6.

Vitnið D greindi meðal annars frá því að hafa hitt brotaþola og C nokkrum dögum eftir meint brot. Kvaðst vitnið hafa verið vinkona C á þeim tíma og þekkt brotaþola. Þær hefðu farið saman í ökuferð og síðan heim til þeirra. Þegar þangað kom hefði brotaþoli greint vitninu frá meintu broti ákærða. Brotaþoli hefði treyst vitninu og viljað segja vitninu hvað hefði gerst. Þá hefði C verið viðstödd þegar samtalið átti sér stað. Vitnið hefði tekið frásögnina mjög nærri sér og þær allar verið í sjokki. Frekar spurð út í líðan brotaþola á þessum tíma greindi vitnið frá því að brotaþoli hefði verið leið, dálítið flöt og ekki fundið fyrir reiði fyrst þegar hún sagði frá. Þær hefðu rætt saman um hvort rétt væri að segja einhverjum öðrum frá og þá hverjum. Samtal þeirra hefði verið á þá leið að rétt væri að segja B, móður brotaþola, frá og fá stuðning og álit einhvers fullorðins. Kvaðst vitnið telja að brotaþoli hefði í framhaldi rætt við B. Spurð út í fyrstu frásögn brotaþola greindi vitnið meðal annars frá því að fram hefði komið að brotaþoli hefði verið uppi í

rúmi með ákærða og allt verið frekar eðlilegt en ákærði síðan farið ofan á hana og nauðgað henni og hún bara frosið. Frekar spurð út í hið sama út frá skýrslu vitnisins hjá lögreglu kvaðst vitnið kannast við og staðfesta það sem haft var eftir henni á þeim tíma, sbr. reifun sem áður greinir í málavaxtalýsingu.

7.

Vitnið B, móðir brotaþola, greindi meðal annars frá því að tengsl ákærða og brotaþola, sem [...], hefðu áður fyrir verið nánin vegna góðra samskipta B og [...] ákærða, sem [...], í gegnum tíðina og mikill samgangur verið milli barnanna. Þá hefði brotaþoli búið á heimili ákærða um nokkurra vikna skeið á árinu í tengslum við [...]. Vitnið kvaðst hafa verið í samskiptum við brotaþola og C umrætt kvöld, en þær hefðu farið út að skemmta sér og gert sér vonir um að hitta ákærða í miðborginni. Hann hefði á þeim tíma nýlega náð tvítugsaldri og þær langað að fagna þeim áfanga með honum. Brotaþoli og C hefðu um kvöldið sent henni skilaboð á Snapchat um að þær væru búnar að hitta hann í bænum og gaman væri hjá þeim. Að auki hefði myndefni mögulega fylgt þeim skilaboðum. Þær hefðu síðan farið heim til ákærða ásamt fleirum. Frekar spurð greindi vitnið frá því að brotaþoli, C og ákærði hefðu á umræddum tíma verið vinir á Snapchat. Þá hefði vitnið einnig á sama tíma verið vinur ákærða á Snapchat.

Vitnið kvaðst ekki hafa frétt neitt meira um atvik næturinnar þar til tveimur eða þremur dögum síðar þegar brotaþoli sagði henni frá meintu kynferðisbroti. Líðan brotaþola hefði á þeim tíma verið slæm en hún hefði greint skilmerkilega frá því hvað hefði gerst. Í aðalatriðum greindi vitnið frá því að í fyrstu frásögn brotaþola hefði komið fram að C hefði farið fyrir heim með vini sínum og brotaþoli ákveðið að vera lengur hjá ákærða. Hann hefði boðið henni gistingu svo hún þyrfti ekki að taka leigubifreið. Brotaþoli hefði fengið að vera í rúmi foreldra ákærða og hún vaknað upp við það að ákærði hefði verið að láta hana fróa getnaðarlim sínum með höndunum og hann hefði svo farið inn í hana og nauðgað henni. Hún hefði sagst hafa stirðnað upp og ekki getað gert neitt. Þá hefði hún sagst hafa mótmælt þessu og spurt hvað hann væri að gera og sagt við hann að hún vildi þetta ekki. Vitnið kvaðst halda út frá frásögn brotaþola, eftir á að hyggja, að hún hefði verið hálfrosin og síðan sofnað en vaknað við að ákærði var í símanum að útskýra að hann hefði sofnað yfir sig, en hann hefði átt að vera mættur til vinnu. Ákærði hefði síðan farið til vinnu og brotaþoli hringt í C og beðið hana að sækja sig. Vitninu hefði einnig verið tjáð eftir á að brotaþola og C hefði þótt ákærði vera eitthvað óþægilegur í samskiptum þegar þær hittu hann um nóttina og hann hvatt þær til að skála með sér í *skotum* með sterku áfengi. Vitnið hefði viljað leita til lögreglu en brotaþoli verið ófús til þess og verið að velta fyrir sér hvort það sem gerðist væri sér sjálfri að kenna og hvort hún hefði getað gert eitthvað til að koma í veg fyrir það. Vitnið hefði afráðið að greina barnavernd frá því sem gerðist og í framhaldi hefði verið ákveðið að barnavernd beindi kæru til lögreglu. Brotaþoli hefði í byrjun verið ósátt við það en fljótlega jafnað sig á því og verið samþykkt því að beina málinu í þann farveg.

Vitnið greindi frá því að brotaþoli hefði viljað fá afsökunarbeiðni frá ákærða og það hefði virst sem hún áttaði sig ekki á alvarleika máls í upphafi. Brotaþoli hefði sent ákærða skilaboð á Snapchat sem hann svaraði, sbr. málavaxtalýsingu. Vitnið og C hefðu báðar verið viðstaddar og séð skilaboðasamskiptin og þau greinilega verið frá ákærða. Nafn hans hefði komið fram, auk myndar með tjákni sem vitnið kannaðist við frá eigin Snapchat-aðgangi. Vitnið kvaðst ekki muna nákvæmlega hvenær samskiptin áttu sér stað en það hefði verið að kvöldi til þar sem þær hefðu verið saman á heimili þeirra og mögulega hefði það verið um viku eftir hið meinta brot. Vitnið hefði ekki viljað að brotaþoli tæki skjámyndir af eða vistaði skilaboðasamskiptin því þá hefði ákærði tekið eftir því. Tilgangurinn hefði verið að fá fram viðurkenningu frá ákærða á því að hann hefði brotið kynferðislega gegn brotaþola. Kvaðst vitnið telja að hann hefði að líkindum hætt samskiptunum ef hann hefði hann séð að skilaboðin væru vistuð eða skjámyndir teknar af þeim. Þess vegna hefði C tekið ljósmyndir af skilaboðasamskiptunum á meðan þau áttu sér stað. Enginn vafi hefði verið á því að um væri að ræða skilaboð frá ákærða til brotaþola. Vitnið hefði í framhaldi komið umræddum ljósmyndum til barnaverndar og/eða lögreglu. Þá hefði vitnið á síðari stigum mætt til lögreglu þar sem teknar voru ljósmyndir af Snapchat-aðgangi vitnisins.

Um önnur atvik eftir á greindi vitnið meðal annars frá því að hún hefði haldið samskiptum að nokkru marki áfram við [...]en með breyttu sniði varðandi heimsóknir og símasamskipti. Ýmis fjölskylduboð hefðu verið eftir hið meinta brot og vitnið og brotþoli einsett sér að halda áfram að sækja slíka viðburði þar sem skömmin væri ekki þeirra. Til að byrja með hefðu aðrir í fjölskyldunni ekki vitað hvað hefði gerst milli ákærða og brotþola. Á sama tíma hefði verið tekið eftir því að ákærði var hættur eða tregur til að sækja fjölskylduboð eða hélt sér til hlés þegar vitnið og dætur hennar voru á staðnum. Það hefði breyst í seinni tíð og hann væri farinn að vera meira sýnilegur að nýju í tengslum við fjölskylduviðburði.

Um líðan brotþola greindi vitnið meðal annars frá því að brotþoli hefði þurft að leita sér aðstoðar sálfræðings í kjölfar meints brots ákærða. Þá hefði hún áður verið búin að vera í sálfræðimeðferð vegna erfiðleika í tengslum við [...]. Sumarið 2019, fyrir hið meinta brot, hefði verið tímabil þar sem brotþola var farið að líða betur og hún verið glöð, virk og í betri tengslum við vini sína. Eftir hið meinta brot hefði líðan brotþola hins vegar breyst mjög til hins verra, hún átt mjög erfitt og henni liðið mjög illa. Hún hefði fengið mikil kvíðaköst, átt erfitt með svefn, fengið martraðir, einangrað sig og hætt að treysta sér til að mæta í skóla. Það hefði leitt til þess að hún skráði sig í fjarnám og hittu færri fólk en áður. Líðan hennar hefði hins vegar með tímanum breyst aftur til hins betra, þótt hún hefði orðið fyrir fleiri áföllum síðar, en núverandi staða hennar væri betri en hún var áður.

8.

Vitnið G sálfræðingur staðfesti og gerði nánari grein fyrir fyrrgreindu vottorði um meðferð brotþola. Í vætti vitnisins kom meðal annars fram að brotþoli hefði í viðtali í ágúst 2019 greint frá meintu kynferðisofbeldi en áður hefði hún verið í meðferð hjá vitninu út af öðru. Meðferð brotþola hefði í framhaldi miðast við það sem fram var komið um meint kynferðisofbeldi, meðal annars með því að leggja fyrir hana sjálfsmatslista og taka greiningarviðtal til að meta áfallastreituröskun. Um haustið 2019 hefði brotþoli uppfyllt greiningarskilmerki áfallastreituröskunar og sú greining samrýmst einkennum sem hún var að lýsa á þeim tíma. Mikil forðunareinkenni og afneitun hefðu verið mjög greinileg hjá brotþola. Hún hefði átt mjög erfitt með að greina frá hvað hefði gerst og verið mjög aftengd sínu nærumhverfi. Hún hefði verið frosin og með dofin viðbrögð. Verulegar svefntruflanir hefðu verið til staðar, hún átt erfitt með að slaka á og verið mikið á varðbergi. Matarlyst hennar hefði minnkað, vanlíðan verið stöðug og áleitnar endurminningar verið að sækja á hana. Berskjöldun hefði verið hluti af meðferð brotþola og gengið út á það að hún ætti ekki að einangra sig heldur mæta því sem ógnin beindist að, til að mynda með því að mæta ákærða í fjölskylduboðum. Fjölskyldutengsl ákærða, sem geranda, gagnvart brotþola hefðu verið þáttur í áfalli hennar, til viðbótar því að meint kynferðisofbeldi hefði átt sér stað. Skýr skil hefðu verið í meðferð brotþola fyrir og eftir hið meinta kynferðisbrot en mikil deyfð hefði verið komin fram hjá brotþola og aftenging við umhverfið eftir að fyrrgreindar upplýsingar komu fram í viðtali 2019. Það hefði verið mikil breyting frá því sem áður var. Í framhaldi hefði vitnið greint hana með áfallastreituröskun, eins og áður greinir. Út frá klínísku mati kvaðst vitnið telja að líðan brotþola hefði breyst með jákvæðum hætti og núverandi staða hennar væri orðin betri en hún var áður. Meðferð hefði skilað þeim árangri en vanlíðan væri hins vegar enn til staðar.

IV.

Niðurstöður:

Ákærði neitar sök samkvæmt ákæru. Samkvæmt 1. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála gildir sú grundvallarregla almennt að dómur skuli reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi. Samkvæmt 108. gr. sömu laga hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag á ákæruvaldinu og verður hann því aðeins sakfelldur að nægileg sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, teljist fram komin um hvert það atriði er varðar sekt, sbr. 1. mgr. 109. gr. téðra laga. Þá metur dómurinn hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal en ályktanir má leiða af um það, sbr. 2. mgr. sömu lagagreinar.

Ítarlega hefur verið gerð grein fyrir framburði ákærða og brotþola fyrir dómi, auk annarra vitna, sbr. III. kafla. Þá hefur að nokkru verið gerð grein fyrir rannsókn lögreglu og helstu sakargögnum, sbr. II. kafla. Í aðalatriðum er í málinu ágreiningslaust að brotþoli kom á heimili ákærða umrædda nótt ásamt C og F í framhaldi af því að hafa verið að skemmta sér í miðborginni. Þá verður ráðið af því sem fram hefur komið að E hafi einnig um nóttina verið gestur á heimili ákærða. Ágreiningslaust er að ákærði og brotþoli voru undir áhrifum áfengis. Hið sama á við um aðra sem voru á staðnum. Ágreiningslaust er að brotþoli dvaldi áfram um nóttina á heimili ákærða eftir að C og F voru farin. Þá hefur komið fram að auk ákærða og brotþola var E áfram í húsinu en aðrir voru þar ekki. Ákærða og brotþola virðist bera saman um að fljótlega á eftir hafi þau þrjú sem eftir voru gengið til hvílu. Samrýmist það að nokkru marki vætti E. Ágreiningslaust er að brotþoli var í húsinu fram á næsta morgun og er ekki ágreiningur um að brotþoli var í svefnherbergi með ákærða um nóttina. Þeim ber hins vegar ekki saman um hvernig það kom til. Ákærði hefur borið um að hann hafi farið einn að sofa í herberginu og ekkert vitað af brotþola fyrir en morguninn eftir en hún hefur borið um undanfarandi samskipti sem leiddu til þess að hann bauð henni að vera hjá sér í rúminu. Þessu tengt, og varðandi aðalatriði málsins, ber mikið á milli þeirra um það hvort eitthvað gerðist í svefnherberginu milli þeirra um nóttina. Ákærði hefur borið um að hafa sofnað allan tímann en brotþoli hefur borið um að hafa lagst til hvílu og sofnað en vaknað síðar um nóttina upp við að ákærði hefði verið að brjóta gegn henni kynferðislega, eins og greinir í ákæru. Að auki liggur fyrir að ákærða og brotþola ber ekki saman um hvort þau hafi verið í samskiptum næsta morgun. Ákærði hefur borið um að brotþoli hafi verið sofandi í rúminu á þeim tíma og hann ekkert talað við hana en hún hefur borið um hið gagnstæða. Ágreiningslaust er að miklar breytingar urðu á fjölskyldusamskiptum milli ákærða annars vegar og brotþola og C hins vegar eftir meint brot. Hið sama virðist að nokkru marki eiga við um B gagnvart ákærða. Þessu til viðbótar er ágreiningur um það hvort ákærði hafi verið í Snapchat-samskiptum við brotþola eftir á sem voru ljósmynduð, en ákærði hefur alfarið vísað því á bug. Brotþoli, C og B hafa hins vegar borið um hið gagnstæða. Fyrir liggur að ákærði og brotþoli eru ein til frásagnar um hvað nákvæmlega gerðist í umræddu svefnherbergi og hver var aðdragandi þess. Í aðalatriðum er sönnunarstaðan orð gegn orði um fyrrgreind ágreiningsatriði.

Framburður brotþola fyrir dómi hefur í öllum aðalatriðum verið skýr, einlægur og stöðugur um helstu málsatvik, að teknu tilliti þess langa tíma sem liðinn er frá meintu broti. Hið sama á við um framburð hennar hjá lögreglu, að teknu tilliti til ungs aldurs hennar á þeim tíma. Þá er að mestu samræmi í framburði hennar fyrir dómi og hjá lögreglu. Fyrir liggur að misritun átti sér þrisvar stað í orðréttri uppritun lögreglu af skýrslugjöf brotþola um að hún hafi greint frá því að hafa klæðst *peysu* umrædda nótt, auk jakka. Hið rétta er samkvæmt mynd- og hljóðupptöku að brotþoli greindi frá því að hún hefði verið í *pilsu* og samrýmist það framburði hennar fyrir dómi. Að auki samrýmist framburður brotþola fyrir dómi í aðalatriðum eigin samantekt hennar um meint brot og önnur atvik sem fylgdi kærnu barnaverndar til lögreglu, sbr. mála-vaxtalýsingu. Frá framangreindu er hins vegar ein áberandi undantekning. Fyrir dómi greindi brotþoli frá, til viðbótar því sem áður var búið að koma fram, að ákærði hefði gripið fyrir munn hennar samhliða því að *sussa* á hana á meðan hann braut gegn henni. Ekkert kom fram hjá brotþola um grip fyrir munn við skýrslugjöf hennar hjá lögreglu, aðeins að hann hefði sagt *uss* við hana þegar hann braut gegn henni. Þá kemur ekki fram í fyrrgreindri eigin samantekt brotþola að ákærði hafi gripið fyrir munn hennar. Þar greinir hins vegar að hann hafi *þaggað niður* í henni. Vætti C, B og D um fyrstu frásögn brotþola skýra þetta ekki frekar. Að þessu leyti er misræmi eða óskýrleiki í framburði brotþola um atriði sem varðar það hvernig hið meinta brot var framið. Að öðru leyti hefur hún í öllum aðalatriðum lýst meintu broti ákærða umrædda nótt með þeim hætti sem greinir í verknaðarlýsingu ákæru.

Framburður ákærða fyrir dómi hefur í öllum aðalatriðum verið skýr og stöðugur um helstu málsatvik, að teknu tilliti þess langa tíma sem liðinn er frá meintu broti. Skýrslugjöf hans hjá lögreglu var hins vegar ekki jafn skýr og greinargóð. Ljóst er af skriflegu endurriti, sbr. hljóð- og myndupptöku, að hann virtist við skýrslutöku hjá lögreglu vera stressaður og á köflum hikandi og tregur til að svara einstaka spurningum

og/eða mundi illa atvik og/eða þurfti endurtekið að ráðfæra sig við tilnefndan verjanda. Þrátt fyrir framangreint var skýrslugjöf ákærða hjá lögreglu um meint brot og önnur atvik í aðalatriðum í samræmi við framburð hans fyrir dómi.

Samkvæmt framangreindu er framburður brotaþola og ákærða ekki með öllu án athugasemda. Að því virtu eru ekki efni til að gera upp á milli þeirra hvað varðar mat á trúverðugleika þeirra fyrir dómi.

Framburður brotaþola um meint brot er óbeint studdur framburði fyrrgreindra vitna, C, D og B, sem hafa borið um fyrstu frásögn brotaþola af meintu broti og öðrum atvikum sem og um vanlíðan hennar. Eru þetta hins vegar vitni sem tengjast brotaþola og verður að taka tillit til þess við úrlausn málsins, sbr. 126. gr. laga nr. 88/2008. Ljóst er af vætti F að hann mundi í aðalatriðum lítið eftir umræddum atvikum vegna þess tíma sem er líðinn. Þá virtist hann ekkert muna eftir að hafa komið morguninn eftir og sótt brotaþola eða hvernig líðan hennar var á þeim tíma. Ákærvaldið verður að bera hallann af þessu við úrlausn málsins. Þá voru skýrslur af C, D og F á rannsóknarstigi gerðar símleiðis, auk þess að vera efnislega mjög takmarkaðar eins og þær birtast í gögnum málsins. Er þar um að ræða frávik frá því sem almennt er lagt upp með varðandi gæðastig skýrslutaka af mikilvægum vitnum í málum af þessum toga, sem jafnan skulu vera ítarlegar og gerðar í hljóði og mynd, sbr. a-lið 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 651/2009. Að því virtu er tæplega með heildstæðum hætti unnt að bera téðar lögregluskýrslur saman við skýrslur sömu vitna fyrir dómi, þar með talið út frá stöðugleika og trúverðugleika. Ákærvaldið verður að bera hallann af þessu við úrlausn málsins.

Brotapoli leitaði ekki til lögreglu eða neyðarmóttöku í kjölfar meints brots og liggja því ekki fyrir vætti og gögn frá lögreglu- og/eða heilbrigðisstarfsmönnum, eins og jafnan er í málum af þessum toga, sem hefðu ella getað skýrt betur ástand, aðstæður og frásögn brotaþola og sakbornings stuttu eftir meint brot. Er því ekki gögnum til að dreifa frá hlutlausu og utanaðkomandi fagfólki sem hefðu getað fyllt betur upp í eyður um það hvað nákvæmlega gerðist í samskiptum ákærða og brotaþola og hvert var ástand þeirra á umræddum tíma. Af þessu leiðir að ekki liggja fyrir gögn um ölvunarástand og réttarlæknisfræðilega skoðun á brotaþola og ákærða, auk þess sem ekki fór fram rannsókn á vettvangi, eins og jafnan er í málum af þessum toga. Hið sama á við um ýmiss konar aðra gagnaöflun af hálfu lögreglu sem jafnan er í málum sem þessum, þar með talið gögn um ferðir, samskipti og tímasetningar stuttu fyrir og eftir meint brot. Skal þá einnig haft í huga að við rannsókn sakamáls ber að líta jöfnum höndum til atriða sem horfa til sektar og sýknu, sbr. 2. mgr. 53. gr. laga nr. 88/2008. Ákærvaldið verður að bera hallann af þessu við úrlausn málsins.

Meðal málsgagna eru ljósmyndir af meintum Snapchat-skilaboðum ákærða og brotaþola. Að mati dómsins samrýmist efni skilaboðanna að nokkru marki framburði brotaþola um að hún hafi átt Snapchat-samskipti við ákærða eftir á þar sem hann hafi gengist við því að hafa brotið gegn henni kynferðislega umrædda nótt. Ekki kemur þó berum orðum fram í skeytunum að viðmælandi brotaþola hafi verið að gangast við meintu kynferðisbroti. Um er að ræða ljósmyndir sem fylgdu kærnu barnaverndar til lögreglu en þær bárust til barnaverndar frá vitninu B í aðdraganda kærunnar, eins og áður er rakið. Þá hefur komið fram í vætti B að hún hafi ásamt C verið viðstödd þegar Snapchat-samskiptin áttu sér stað og þegar myndirnar voru teknar. Verður framburður B fyrir dómi ekki skilinn öðruvísi en að skilaboðin og ljósmyndataka hafi farið fram á sama eða svipuðum tíma og B hafi verið höfð með í ráðum þegar þau atvik áttu sér stað. Einnig hefur komið fram að það var C sem tók ljósmyndirnar. Þá verður ráðið af vætti þeirra þriggja að tilgangurinn með skilaboðasamskiptunum og töku ljósmyndanna hafi verið að reyna að fá fram viðurkenningu ákærða á meintu broti án þess að hann yrði þess var að aðrir fylgdust með og að skeytin væru afrituð. Óvíst er af ljósmyndunum hvort þau gefa heildstæða mynd af skeytasendingunum frá upphafi til enda eða hvort þær sýna aðeins hluta af samskiptunum. Fyrir liggur að ákærði hefur staðfastlega neitað að hafa með nokkrum hætti tekið þátt í umræddum skilaboðasamskiptum. Samkvæmt umræddum gögnum liggur ekki fyrir með nákvæmum hætti hvenær skilaboðasamskiptin áttu sér stað. Ljósmyndirnar bera með sér að hafa verið teknar klukkan 21:43, 21:47 og 21:56 og virðast þær sýna skilaboð frá sama degi, sbr. *TODAY* varðandi aldur skeyta, eins og þau birtust í Snapchat í símtæki. Ljósmyndir af skilaboðunum sýna nöfn ákærða sem

nickname en ekki er hægt að sjá á myndunum hvert var *username* viðkomandi. Ljóst er að unnt er að breyta *nickname* í Snapchat með einföldum hætti en hið gagnstæða á við um *username*. Þá eru myndræn tjákn notanda á Snapchat breytanleg ef þau eru búin til eða þeim raðað saman af notanda sem *bitmoji*.

Við rannsókn málsins var af hálfu lögreglu ekki hlutast til um að skoða og afrita síma brotþola með það að markmiði að haldleggja og rannsaka með sjálfstæðum hætti gögn í síma hennar og/eða Snapchat-reikningi. Það var fyrst 17. febrúar 2022 sem Snapchat-aðgangur hennar var skoðaður og voru á þeim tíma engin gögn sem varpað gátu ljósi á málið. Engin rannsókn hefur farið fram hjá lögreglu á uppruna umræddra ljósmynda sem fylgdu kærri og hvort og hvenær C tók þær. Þá eru þau atvik að mörgu leyti óljós út frá gögnum málsins og vætti brotþola, C og B fyrir dómi. Sími ákærða var ekki haldlagður við upphaf rannsóknar málsins né heldur við skýrslugjöf hans hjá lögreglu 16. janúar 2020. Snapchat-reikningur hans var fyrst afritaður af lögreglu 26. ágúst 2022. Voru engin skilaboð milli ákærða og brotþola á Snapchat-reikningum á tíma afritunar. Þá var Snapchat-tjákn ákærða með öðrum hætti á tíma afritunar en tjáknið sem birtist á tédum ljósmyndum sem fylgdu kærri. Liggja þannig ekki fyrir rannsóknargögn frá lögreglu sem hefðu getað skýrt betur hvort ákærði tók þátt í tédum Snapchat-samskiptum, hvort umrædd gögn voru í fórum hans í framhaldi af meintu broti og hvernig auðkenni hans, *nickname* og *username*, og tjákn voru á Snapchat-reikningi hans á þeim tíma sem um ræðir. Fallast má á með ákærvaldinu að tjákn á tédum ljósmyndum líkist að nokkru leyti tjákni ákærða eins og það birtist á Snapchat-reikningi B við rannsókn lögreglu 17. febrúar 2022, þ.e. andlits- og augnsvipur og hárgreiðsla á tjákni. Þau atriði geta hins vegar tæplega ráðið úrslitum við mat á tédum sönnunargögnum og þarf meira að koma til. Verður að gera þá kröfu til lögreglu og ákærvalds að framsetning sönnunargagna af þessum toga í máli sem þessu séu færð fram með þeim hætti að vönduð og sjálfstæð úrvinnsla gagna liggja fyrir og að ekki megi efast um réttar- og gagnaöryggi og áreiðanleika gagna í sakamáli. Slík úrvinnsla hefur hins vegar ekki farið fram á tédum skilaboðasendingum. Að þessu öllu virtu, gegn neitun ákærða, er ósannað að skilaboðin, eins og þau birtast á tédum ljósmyndum, hafi stafað frá ákærða.

Samkvæmt vottorði fyrrgreinds sálfræðings og vætti hennar fyrir dómi var talsvert mikil almenn vanlíðan hjá brotþola eftir meint brot, þar með talið kvíði, þunglyndi og lágt sjálfsmat, en líðan hennar virðist samhlíða meðferð hafa með tímanum þokast í rétta átt. Þessu til viðbótar liggur fyrir samkvæmt vottorði og vætti sálfræðingsins að brotþoli uppfyllti greiningarskilmerki áfallastreituröskunar og það var sett í samhengi við meint kynferðisbrot ákærða. Áfallastreituröskun er alvarleg geðröskun. Greining áfallastreituröskunar hjá brotþola, eins og hún birtist í vottorði, virðist reist á ítarlegu, formlegu og viðurkenndu greiningarmati. Er sú greining til þess fallin að styðja framburð brotþola um að brotið hafi verið kynferðislega gegn henni. Hið sama á við um aðra andlega vanlíðan brotþola eftir meint brot. Fyrir liggur að sálfræðingurinn hefur annast meðferð og eftirfylgd brotþola um langt skeið, fyrir og eftir meint brot. Er því um að ræða langt meðferðarsamband milli brotþola og sálfræðingsins í formi faglegra tengsla. Ljóst er að sálfræðingurinn þekkir vel til áfalla- og meðferðarsögu brotþola og ber fyrrgreint vottorð með sér að aðkoma hennar að máli brotþola er byggð á faglefum grundvelli. Hið sama á við um vætti sálfræðingsins fyrir dómi. Aðkoma téðs sálfræðings að málefnum brotþola hefur gengið út á að veita sálfræðilega meðferð vegna áfalls brotþola í þeim tilgangi að hún næði bata. Ljóst er að tilgangurinn var ekki að afla sakargagna fyrir lögreglu og ákærvald. Þá verður ráðið af því sem fram hefur komið að vandi brotþola sé langur og margþættur. Önnur gögn af sama toga til stuðnings vottorðinu liggja ekki fyrir, svo sem matsgerð dómkvaddis matsmanns sem ekki hefði komið að meðferð brotþola. Þykir því óvarlegt að byggja á framangreindum greiningarniðurstöðum við sakarmatið svo úrslitum ráði í málinu.

Að öllu framangreindu virtu, og þar sem annarra gagna nýtur ekki við, verður ekki talið, gegn eindreginni neitun ákærða, að sannað sé svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa, sbr. 108. og 109. gr. laga nr. 88/2008, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi sem í ákæru greinir. Verður ákærði því sýknaður af kröfum ákærvaldsins.

Samkvæmt 2. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008 verður einkaréttarkröfu brotþola á hendur ákærða vísað frá dómi.

Vegna úrslita málsins verður allur sakarkostnaður lagður á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Guðrúnar Bjargar Birgisdóttur lögmanns, vegna vinnu á rannsóknarstigi og fyrir dómi, sem þykja út frá eðli og umfangi máls hæfilega ákveðin 1.800.000 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti. Hið sama á við um þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Ólafar Heiðu Guðmundsdóttur lögmanns, vegna vinnu á rannsóknarstigi og fyrir dómi, sem þykir út frá eðli og umfangi máls hæfilega ákveðin 1.600.000 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Fanney Björk Frostadóttir aðstoðarsaksóknari.

Daði Kristjánsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Ívar Gísli Vignisson, er sýkn af kröfum ákæruvaldsins.

Einkaréttarkröfu brotaþola, A, á hendur ákærða er vísað frá dómi.

Allur sakarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Guðrúnar Bjargar Birgisdóttur lögmanns, 1.800.000 krónur, og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Ólafar Heiðu Guðmundsdóttur lögmanns, 1.600.000 krónur.